

EYSTRAHORN

3. tbl. 44. árgangur 1. apríl 2026



FRÁ RITSTJÓRA

Forsíðumyndin að þessu sinni sýnir um 160 seli sem flatmaga á sandrifi við Akurey í Hornafirði. Myndina tók Sidda Árni, sem margir þekkja fyrir fallegar myndir héðan úr nærumhverfinu. Hún setti í samhengi ýmislegt sem ég hef verið að velta fyrir mér undanfarið.



Á göngu í Óslandi

Ég geng mikið hér á Höfn og mér finnst áberandi mikið af rusli um allt. Sums staðar hefur það legið lengi. Nú styttest í sumarið, sumardagurinn fyrsti er 23. apríl, og þegar tré og runnar fara að laufgast hverfur hluti af ruslinu sjónum okkar. En það hverfur auðvitað ekki, það liggur þarna áfram,

eitthvað fýkur lengra og eitthvað endar vafalaust úti í sjó.

Á dögnum las ég grein frá Umhverfis- og orkustofnun þar sem kom fram að plast hefði fundist í meltingarfærum um sjö af hverjum tíu fýlum sem rannsakaðir voru. Það er óþægileg staðreynd. Ég horfði líka nýlega á heimildarmyndina Plastic Detox á Netflix, sem fjallar um hvernig plast og örplast er ekki bara vandamál úti í náttúrunni heldur líka komið inn í líkama okkar sjálfra, og getur þar með haft áhrif á heilsu okkar og jafnvel frjósemi.

Nýlega fjallaði hlaðvarpið Moldvarpið um fornleifauppgröft á Hólmi í mynni Laxárdals í Nesjum, þar sem má fræðast um lífið hér í Hornafirði fyrir meira en þúsund árum. Það er merkilegt að hugsa til þess hvernig fornleifafræðingar lesa í leifar fortíðarinnar til að skilja samfélag, siði og daglegt líf fólks. Hvað mun okkar tími skilja eftir sig?

Mig langar að hvetja Hornfirðinga til að standa saman og gera átak í að tína rusl úr

runnum, fjöru og af götum bæjarins. Við viljum öll búa við hreint og fallett umhverfi. Það er fátt betra en að fara í göngutúr í náttúrunni og gera um leið eitthvað gott. Enn betra væri auðvitað að ganga um hreint og fallett umhverfi alla daga.

Mig langar líka að benda á að Umhverfis- og orkustofnun er nú með opið fyrir umsóknir um styrki til strandhreinsunar og er næsti umsóknarfrestur 17. apríl. Þar geta lögaðilar, til dæmis félagsamtök og áhugamannafélög, sótt um styrk til hreinsunarverkefna. Þetta gæti verið sniðug fjáröflun fyrir slíka hópa og um leið góður og gefandi dagur saman úti í náttúrunni.

Ég vil líka ítreka þakkið mínar til allra þeirra sem hafa aðstoðað okkur, hvatt okkur áfram og stutt við útgáfuna með einum eða öðrum hætti.

Hafið það gott um páskana og gleðilegt sumar!

GUÐRÚN ÁSDÍS
Ritstjóri



VILTU GERAST STYRKTAÐILI?

EDA FÁ BLAÐIÐ **SENT HEIM** UTAN SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR?

Skannaðu QR kóðann eða hafðu samband í síma 867-6604 það tekur aðeins 2 mínútur að skrá sig



WWW.EYSTRAHORN.IS

Fjórða tölublað ársins kemur út fimmtudaginn 7. maí Skilafrestur fyrir auglýsingar og efni er 30. apríl

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Netfang: eystrahorn@eystrahorn.is
Sími: 867 6604
Heimasíða: www.eystrahorn.is

Prófkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Forsíðumynd: Siddi Árna. Akurey í Hornafirði
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



HRÓSIÐ

Við hvetjum lesendur sem vilja hrósa eða þakka fyrir eitthvað í okkar samfélagi til að senda tölvupóst á eystrahorn@eystrahorn.is.

SKÓLAAKSTUR

Ýmis þjónusta er í boði í Sveitarfélaginu Hornafirði en ein þjónusta, sem snýr að yngstu kynslóðinni okkar í dreifbýlinu, er skólaakstur. Starf skólabílstjóra er oft á tíðum vanmetið í okkar samfélagi og fást ekki margir til þess að taka það verkefni að sér.



Fara þarf snemma af stað og veður og færð geta oft gert erfitt fyrir, en ef vegir haldast opnir gengur bíllinn eins og klukka. Bílstjórnarnir mynda oft góð tengsl við krakkana. Nú fer að líða að páskum og er venja hjá einhverjum fyrirtækjum að gefa starfsmönnum sínum gómsæt páskaegg. Skólabíllinn gerði gott betur og sýnir það umhyggju þeirra gagnvart börnunum sem þau keyra á milli dags daglega. Á mínu heimili er eitt barn komið á aldur til þess að nýta sér skólabíllinn en innan nokkurra ára verða þau þrjú. Dóttir mín kemur heim einn daginn með páskaegg frá skólabílnum, ekki einungis handa sér heldur einnig handa systkinum sínum. Hugulosemin, fagmennskan og vinsemdin



Starfsmenn Fallastakks sem sjá um skólaaksturinn

sem sýnd er af skólabílstjórum Fallastakks ehf á heldur betur hrós skilið. Laufey, Gulli, Tinna og aðrir starfsmenn sem koma að skólaakstri - Takk fyrir ykkur.

Sigfinnur Mar Þrúðmarsson

BJÖRGUNARFÉLAG HORNAFJARÐAR OG LÖGREGLAN

Gunnar Páll Halldórsson og Róbert Matthíasson vilja hrósa björgunarsveitinni fyrir góð viðbrögð og að vera alltaf tilbúnir að aðstoða íbúa. Einnig vilja þeir hrósa lögreglunni fyrir að fylgjast með umferðaröryggi hér í bænum.

Samkvæmt upplýsingum frá björgunarsveitinni hefur fjöldi útkalla verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, eða um 18 til 20 á ári. Undanfarið hefur þó verið óvenju mikið um útköll og hefur sveitin þegar verið kölluð út fimm sinnum í mars.

Það fer ekki fram hjá íbúum hversu mikilvægt það er að hafa öfluga viðbragðsaðila í nærumhverfinu.



Róbert og Gunnar Páll

Lögreglan að störfum í sveitarfélaginu



Björgunarsveitin að störfum. Mynd: Stephan Mantler



KRAFTUR Í HÓPI KVENNA

Aðsend grein

Kvennakraftur er skemmtilegur hópur kvenna á öllum aldri sem hefur nýlega hafið göngu sína. Tilgangurinn er að rjúfa félagslega einangrun.



sem fólk treystir og sýna sér mildi og þolinmæði. Að sama skapi er mikilvægt ef við verðum þess áskynja að nágrenni okkar hafi ekki hreyft bílinn dögum saman, við höfum ekki séð eða heyrt í góðum vin eða ættingja lengi að athuga með viðkomandi. Látum okkur annað fólk varða. Það kostar ekki neitt að sýna samhygd og áhuga.

Félagsleg einangrun hefur aukist hjá öllum aldurshópum allsstaðar í heiminum og er algengari en fólk áttar sig á. Félagsleg einangrun getur aukið líkur á sjúkdómum bæði andlega og líkamlega og því brýnt að bregðast við. Allir geta lent í því að einangrast félagslega og ýmsar ástæður geta legið að baki eins og veikindi, atvinnumissir, skilnaður, flutningar og fleira. Fjölskyldur og vinir eru í lykilstöðu til hjálpar og stuðnings, eins er það mikilvægt að finna sér áhugamál, athuga hvað er í boði í nærsamfélaginu, tala við einhvern

Kvennakraftur hittist tvisvar í mánuði á fimmtudögum frá kl 20.00 til 22.00 í Miðgarði, Víkurbraut 24. Ágústa Arnardóttir heldur utan um hópinn og saman ræða þær um viðfangsefni, áhugasvið hvernar konu svo allar fá að hafa áhrif á það sem gert er hverju sinni. En hvort sem það er listsköpun, spjall, spil eða ferð á kaffihús þá er það samveran sem skiptir mestu, að fara út og hitta aðrar konur í svipaðri stöðu sem er aðal málið.

Næsti hittingur er fimmtudaginn 9. apríl kl 20.00 og hvetjum við konur og sér



í lagi þær sem upplifa einmanaleika, hafa lent í áföllum, eru haldnar félagskvíða, nýfluttar á staðinn eða langar einfaldlega að kynnast skemmtilegum konum í góðum hóp að kíkja. Það er sannkallaður kvennakraftur í þessum hóp!

Ef ykkur vantar frekari upplýsingar má hafa samband við Ragnheiði, ragnheidurr@hornafjordur.is


Ragnheiður Rafnsdóttir
Verkefnastjóri lóju- og dagþjónustu

NÍUNDI BEKKUR HRISTIR UPP Í EÐLISFRÆÐINNI

Aðsend grein

Lokaspretturinn í eðlisfræðinámi skólaársins hjá 9. bekk í náttúrufræði var einkar skemmtilegur.

Bækurnar fengu að vika og öll orka var lögð í að hanna og smíða blöðrubíla. Verkefnið snerist um samvinnu og að átta sig á hvernig best væri að beita þekkingu sinni og leikni í að hanna blöðrubíla. Krakkarnir voru áhugasamir og einbeittir í þessu verkefni. Þau hlustuðu á hugmyndir hvers annars, teiknuðu upp og byggðu hinar ýmsu útgáfur af blöðrubílum eins og sést á meðfylgjandi mynd. Keppnisdagur rann



Hér má sjá blöðrubíla sem nemendur hönnuðu og smíðuðu

upp fimmtudaginn 5. mars og fengum við til okkar góða gesti, meðal annars óskuðu nemendur eftir að fá bæjarstjórn sjálfan Sigurjón Andrésón sem dómara. Þau sjálf settu reglur og viðmið fyrir kappaksturinn, ásamt því að ákveða í hvaða flokkum yrðu veitt verðlaun en þau voru eftirfarandi:

- Hraðskreiðasti bíllinn (sem fer yfir 1,5 m línuna): Bjarni Veigar og Matthías með bíllinn The Pringle mobile
- Lengsta vegalengdin (kyrrstaða: aftasta hjól): Einar Björn og Þór með bíllinn Fjögralaufasmárin

- Frumlegasta hönnunin: Adam Bjarni og Hildur Kara með bíllinn The bullet

Verkefnið er liður í því að efla skilning nemenda á náttúrufræði með virkum hætti. Samvinna nemenda í blöðrubíla verkefninu sýndi glöggst hvernig ólík sjónarmið og sameiginleg lausnaleytt dýpka skilning þeirra á viðfangsefninu og breyta hverri áskorun í dýrmætt tækifæri til náms.

Náttúrufræði kveðja
Laufeig Sveinsdóttir

2. apríl kl. 11:00 Ferming í Hafnarkirkju

2. apríl kl. 14:00 Ferming í Kálfaþélsstaðarkirkju

3. apríl kl. 11:00 Kyrrðarstund í Hafnarkirkju

5. apríl kl. 10:30 Hátíðarmessa í Hafnarkirkju

5. apríl kl. 13:00 Hátíðarmessa í Bjarnaneskirkju

12. apríl kl. 11:00 Sunnudagaskólahátíð

26. apríl kl. 11:00 Helgistund í Hafnarkirkju

Verið velkomin til kirkju
Sjá nánar á Facebook þegar nær dregur

PÁSKAR SUNDLAUG HORNAFJARÐAR

Opnunartími um páskana hjá Sundlaug Hornafjarðar:

Fimmtudagur, Skírdagur 10:00 – 19:00
Föstudagurinn langi LOKAÐ / CLOSED
Laugardagur 10:00 – 19:00
Sunnudagur, Páskadagur LOKAÐ / CLOSED
Mánudagur, Annar í páskum 10:00 – 19:00

Gleðilega páska!
Starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

FÉLAG ELDRI HORNFIRÐINGA KYNNIR

Aðalfundur FeH

Minnt er á að aðalfundur FeH verður haldinn á Hafinu, **kl. 16:00, fimmtudaginn 9. apríl.** Dagskrá verður samkvæmt lögum félagsins. Sérstakur gestur fundarins verður Magnús J. Magnússon formaður Félags eldri borgara á Selfoss. Mun hann segja frá starfsemi þess félags. Sjá auglýsingu á facebook síðu félagsins.

HEIMSÓKN

Formaður og framkvæmdastjóri LEB munu heimsækja FeH **föstudaginn 17. apríl.** Tímasetning og staður verður auglýst á facebook síðu félagsins er nær dregur.

FASTIR LIÐIR

Minum á hreyfingu í vatni undir styrkri stjórn Gorans alla fimmtudaga kl 13:30, þó ekki 23. apríl. Nú er tækifæri til að prófa með hækkaðri sól. Síðasta skipti þessa vetrar verður 7. maí.

Gönguhópur fer frá Ekru kl. 10:00 á mánudögum og miðvikudögum

Gleðigjafir æfa á þriðjudögum, þar er alltaf tekið vel á móti nýjum fullþroska röddum

Boccia er spilað kl 09:30 þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga

Prjónahittingur og kaffi eftir hádegi á miðvikudögum.

FRAMKVÆMDIR Í EKRU

Nú eru hafnar endurbætur á Ekru. Ekki er hægt að nýta Ekru salinn næstu mánuði. Við það breytist starfsemin og færast til. Lagt er upp með að boccia verði í félagsaðstöðu við hliðina á fundarherbergi. Einnig verður prjónahittingur þar.

Svo er verið að sjá til þess að sem oftast verði heitt á könnunni. Það er svo mikilvægt að sem flestir komi og sjái plássíð sem verður nýtt. Það er góður grunnur að umræðu um hvernig við sjáum framtíðarskipulag fyrir okkur. Gengið er inn um dyr sem liggja að smíðastofu. Lokað verður inn í Ekru sal. Línudans og söngstund verður auglýst á facebook síðu. Ekki er búið að fastsetja stað fyrir þá liði.

Stjórn FeH 2025-2026

LÍFSGANGAN

Greinarhöfundur: Guðlaug Hestnes

Það er alltaf forvitnilegt, en á góðan hátt að heyra um lífshlaup fólks, því allir eiga sína sögu. Maður þarf ekki að vera stór og frægur og dreifa um sig fínum fjöðrum til að eiga sögu. Eina slíka eiga þau góðu hjón Þóra Hólm Jóhannsdóttir og Örn Eriksen, oftast kennd við Reynivelli í Suðursveit.

Þótt þeim hjónum finnst þau ekki hafa svosem neitt merkilegt fram að færa er ég ekki á sama máli, því þegar fólk hefur lifað vel fram á tíræðisaldurinn er margt og merkilegt í bakpokanum. Ég fékk því aðeins að kíkja í hann, því mér finnst hollt fyrir okkur sem yngri erum að kynnast lífsbaráttu þeirra sem ræktuðu jörðina. Við nefnilega fundum ekki upp hjólið!

Þóra Hólm er fædd og uppalin á Brunnum í Suðursveit 23.júní 1930 ein af þremur systkinum, Björn fyrst með Helga SF 50 árið 1961, og Gísli sem búsettur er á Höfn. Örn er fæddur í Reykjavík 17.máí



Þóra og Örn við nýbygginguna. Mynd úr safni Björns Arnarsonar

1933 og er einn af þremur systkinum. Faðir Arnar var danskur, en foreldrar hans slitu samvistir þegar Örn var 9 ára. Mér lék forvitni á að vita hvers vegna Örn þá 10 ára gamall Reykjavíkursnáði lenti í Suðursveit. Fyrir tilstilli smíðakennara hans var hann fenginn sem sumarstrákur í Suðurhús í Borgarhöfn, en í þá tíð tíðkaðist að börn færu í sveit. Móðir hans var ein með 3 börn

og þetta var á stríðsárunum, 1943. Örn var sendur með Esjunni austur og var á annan sólarhring á leiðinni, með viðkomu í Vestmannaeyjum. Þar komu vertíðarmenn um borð eftir útiveru að heiman og voru kátir! Stráksi sat bara kyrr og lét sér vonandi fátt um finnast. Ég tók hálfgerð andköf, 10 ára gutti sem spjaraði sig svona vel. Hann var hífður um borð í Björgvin og siglt í land með þá sem fóru ekki austar. Þaðan var svo farið út á Melatanga og keyrt vestur suðurfjörurnar með vörubíl sem gekk undir nafninu Langur. Það var eini vörubíllinn í Suðursveit. Seinna bættist annar við og þá var sá fyrri kallaður gamli Langur! Þetta var langt ferðalag fyrir lítinn gutta, sem endaði þó vel í Borgarhöfn, en haft var að orði að ekki væri pilturinn nú stór!

Samkennd var mikil í sveitinni og allir þekktust, líka Örn og Þóra. Skólaganga hjá Þóru var farskóli í Suðursveit og síðar fór hún á húsmæðraskóla á Varmalandi í Borgarfirði. Einnig var hún í einn vetur á Akureyri í vist sem kallað var. Hvað Örn varðar kom hann í Suðursveit, gekk þar í skóla og fór í raun aldrei þaðan aftur nema í stuttan tíma í senn. Hugurinn leitaði



Þóra með Dimmu og Flíru. Mynd úr safni Björns Arnarsonar



Hjónin á góðum degi með Jökulsárlón í baksýn. Mynd: Sigurborg Jóna Björnsdóttir

alltaf austur, og svo í fyllingu tímans urðu þau hjón. Örn og Þóra Hólm og byrjuðu sinn búskap á Reynivöllum árið 1952, með tvær hendur tómar, en bjartsýni og dugnað

að vopni. Fljótlega byrjuðu þau að byggja upp hægt og rólega. Ekki var tækninni fyrir að fara svona til að byrja með, og því mörg handtökin, en upp komst húsið og fluttu þau inn 1954. Með árunum reistu þau og ráku mikið myndarþú, með blandaðan rekstur. Á þessum árum var lítið um að fólk væri að frílista sig frá bústörfunum, en hjónin fóru þó einu sinni í bændaferð og þá kom samstaða sveitunganna sér vel. Ingibjörg á Hala sá um að líta til með kúnum, og hafði hún þó ærinn starfa sjálf með stóra fjölskyldu. Þegar Þóra og Örn komu heim var kominn kvígukálfur, eigandanum Þóru til mikillar gleði, en hún var mikill dýravínur.

”

Örn vann stundum meðfram búskapnum því þau vildu engum skulda, einnig voru þau með ýmsa garðræktun á tímabili.

Árið 1962 verður margvísleg breyting á heimilslífi þeirra hjóna, því þá komu tveir drengir til sögunnar. Björn Gísli og Jóhann Karl. Báðir fæddir í ágúst á sama ári, 23 dagar á milli þeirra bræðra. Þeir voru 2ja og 3ja vikna gamlir þegar þeir komust í skjól

á Reynivöllum. Sumum þætti kannski temmilegt að ættleiða eitt barn, en ekki Þóru og Erni. Þeir bræður ólu. t upp við gott atlæti, gengu í skóla og lifðu lífinu eins og strákar eiga að gera. Bjössu heillaðist snemma að fuglum en Jói var meira fyrir búskapinn. -- Fin blanda.-- Þessir tveir litlu drengir hittu beint í hjartastað á ömmu og afa á Brunnum, kannski hefur tilvist þeirra mildað söknuðinn eftir andlát Björns sonar þeirra. Við 18 ára aldurinn fór að bera á veikindum hjá Jóhanni sem hann lifði með, stundum vel og stundum verr. Hann lést svo í desember 2025 og var barnlaus. Björn er giftur og á 3 börn. Örn og Þóra eiga samsagt 3 barnabörn og 5 langafa og -ömmubörn.

Árið 1993 bregða Þóra og Örn búi og flytja á Höfn, en Jóhann vildi ekki færa sig um set þá, og Örn og Þóra voru á sumrin heima á Reynivöllum. Þar undu þau sér best, Þóra sá ásamt öðru um sumarhús Eimskips um tíma. Þau fluttu svo alfarið



Hjónin með synina Jóhann og Björn. Mynd úr safni Björns Arnarsonar

á Höfn árið 2007 í Hlíðartúnið. Örn vann hin ýmsu störf, mikið við smíðar og Þóra var matráður um skeið í mjólkurstöðinni. Ég get með sanni sagt eftir spjall okkar að þau voru aldrei uppiskroppa með verkefni. Þóra var mikil hannyrðakona og Örn verulega góður handverksmaður. Þau gengu í félag eldri borgara þar sem hann var formaður um skeið, byrjuðu í kór eldri borgara Gleðigjöfum haustið 1993 og syngur Örn þar enn. Þau hjón voru dugleg að ferðast þegar um hægðist á búskapnum og kunnu að njóta lífsins. Þegar húsið í Hlíðartúninu varð of erfitt fluttu þau í fallega íbúð í Ekru og áttu góðan tíma þar. Núna býr Þóra á Skjólgarði og var ein af þeim sem tóku skóflustungu að nýju hjúkrunarheimili-- Hafði kæra þökk fyrir spjallið og vináttuna þið heiðursbjón.

Guðlaug Hestnes

LOKAHÁTÍÐ STÓRU UPPLESTRARKEPPNINNAR

Aðsend grein: Grunnskóli Hornafjarðar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk fór fram í Hafnarkirkju þann 25. mars síðastliðinn. Til úrslita kepptu 8 nemendur frá Grunnskóla Hornafjarðar, 3 nemendur frá Djúpvogsskóla og 1 nemandi úr Grunnskólanum í Hofgarði. Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar, sem einnig er dagur íslenskrar tungu, þann 16. nóvember ár hvert. Fram að lokakeppni leggja nemendur og kennarar sérstaka áherslu á vandaðan upplestur og framsögn. Nemendur lásu texta úr bókinni Fjárjóðsleit í Granada eftir Ólaf Pál Jónsson, ljóð um fugla eftir fjölda ljóðskálda og að lokum ljóð að eigin vali. Keppnin var jöfn og virkilega spennandi og sagði Halldór Tjörvi Einarsson, formaður dómnefndar, að þetta væri heilt yfir besti hópur sem hann hefði séð í keppinni.

Sigurvegarar keppinnar í ár eru;

1. sæti: Steinþór Hauksson, Grunnskóla Hornafjarðar
2. sæti: Unnur Mist Stefánsdóttir, Grunnskóla Hornafjarðar
3. sæti: Katla Eldey Þorgrímsdóttir, Grunnskóla Hornafjarðar

Kynnir keppinnar var Guðbjörg Lilja Jóhannsdóttir, sigurvegari keppinnar í fyrra. Dómnefnd skipuðu Halldór Tjörvi Einarsson formaður dómnefndar, Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir og Ágústa Margrét Arnardóttir. Um tónlist sáu nemendur í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu.



Katla Eldey, Steinþór og Unnur Mist.

Fyrir marga er það áskorun að taka þátt í Stóru upplestrarkeppinni og lesa og túlka texta fyrir framan hóp af fólki, og því má segja að allir þátttakendur séu sigurvegarar á sinn hátt.

ATVINNA GRUNNSKÓLI HORNAFJARÐAR ÓSKAR EFTIR KENNURUM Í EFTIRTALIN STÖRF FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2026-2027:

Stærðfræðikennsla á unglingsstigi – Fullt starf
Heimilisfræðikennsla 1. – 10. bekkur - Fullt starf
Leiklistarkennsla 7. – 10. bekkur - Hlutastarf
Proskapjálfi - Fullt starf
Tónmennt í 1. - 6. bekk - Hlutastarf
Umsjónarkennara 1. - 10. bekk - Fullt starf
Íþróttakennsla - Hlutastarf
Nýsköpun og Fablab kennsla - Hlutastarf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf í kennslufræðum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að vinna með börnum
- Sveigjanleiki, áreiðanleiki og stundvísi
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi
- Góð íslenskukunnátta
- Ef ekki fæst kennari verður ráðinn starfsmaður með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinandi

Gildi skólans eru virðing, vinátta, metnaður, jákvæðni og frelsi. Skólinn er heilsueflandi skóli og unnið er samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og unnið er markvisst með samskipti og líðan nemenda. Leiðsagnarnám er í innleiðingu í skólanum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að skipuleggja nám og kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og samstarfskennara.
- Að vinna í teymi með öðrum starfsmönnum skólans.
- Að stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra/forráðamenn og starfsfólk skólans.
- Að stuðla að þróun skólastarfs í samstarfi við stjórnendur og annað samstarfsfólk.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2026

Umsóknum ásamt ferilskrá og meðmælendum skal skilað til Þórdísar Þórsdóttur skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar en hún veitir einnig frekari upplýsingar um starfið thordisth@hornafjordur.is, s:470-8440 eða í síma 6986019.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Þeir sem ráðnir eru til starfa í skólanum þurfa að veita heimild til að leitað sé upplýsinga úr sakaskrá hjá Ríkissaksóknara. Umsóknir gilda í hálfri ári frá því umsóknarfrestur rennur út. **Öll kyn hvött til að sækja um.**

hornafjörður
náttúrulega!

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

TÖLUM UM HEILABILUN FRÆÐSLA Á HÖFN Í APRÍL

Aðsend grein

Í apríl munu fulltrúar frá Alheimersamtökunum koma til Hafnar og halda fræðsluerindi fyrir íbúa og fagfólk. Markmiðið er að auka þekkingu og opna umræðu um heilabilun, sem snertir þúsundir Íslendinga og fjölskyldur þeirra.



HVAÐ ER HEILABILUN?

Heilabilun er regnhlífarhugtak yfir rúmlega 200 sjúkdóma sem hafa áhrif á starfsemi heilans. Alzheimer er þar algengast, en einnig eru sjúkdómar á borð við Lewy Body, framheilabilun og æðatengd heilabilun. Áhrifin birtast meðal annars í skertu minni, breyttum skilningi og dómgreind, erfiðleikum í samskiptum og breytingum á hegðun.

Á Íslandi er talið að hátt í 6.000 einstaklingar lifi með heilabilun. Mikilvægt er að hafa í huga að heilabilun er ekki eðlilegur hluti öldrunar og ekki svokallaður öldrunarsjúkdómur. Fólk getur jafnvel greinst um fimmtugt.

HEIMILISLÆKNIR FYRSTI VIÐKOMUSTAÐUR

Fyrstu einkenni geta verið mismunandi eftir einstaklingum og sjúkdómstegundum. Þegar grunur vaknar er mikilvægt að leita til heimilislæknis, sem er fyrsti viðkomustaður í greiningarferlinu. Heimilislæknir getur metið einkenni, útilokað aðra sjúkdóma og vísað áfram í frekari rannsóknir ef þörf krefur.

OPNUM UMRÆÐUNA

Það skiptir sköpum að tala opinskátt um heilabilun. Að segja frá greiningu getur dregið úr kvíða og einangrun, bæði fyrir þann sem greinist og aðstandendur. Með aukinni umræðu getum við einnig unnið gegn fordómum og stuðlað að skilningsríkara samfélagi.

ÞJÓNUSTA SAMTAKANNA

Alheimersamtökin leggja sig fram við að vera til staðar fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra og bjóða upp á stuðning, ráðgjöf og fræðslu.

Reglulega eru haldnir stuðningsfundir fyrir aðstandendur, þar á meðal rafrænir fundir sem henta vel fólki á landsbyggðinni. Þá veita bæði sálfræðingur og ráðgjafi samtakanna viðtöl í gegnum fjarfund. Fræðsluerindi, sem við höldum reglulega, eru einnig aðgengileg á vefnum alzheimer.is.

ÖFLUGT STARF Á HÖFN

Á Höfn hafa Alheimertenglar haldið úti öflugum og mikilvægu starfi undanfarin ár. Hér er meðal annars boðið upp á Alzheimerkaffi og aðstandendasamveru. Þá var svokölluð



bekkjaganga haldin í fyrra í fyrsta sinn og stefnt er að því að endurtaka hana 6. júní næstkomandi.

Alheimertenglar bæjarins eru Þorbjörg Helgadóttir, Ragnheiður Rafnsdóttir, Arna Ósk Harðardóttir, Anna Antonsdóttir og Lovísa Bylgja Kristjánsdóttir og eru samtökin þeim afar þakklát fyrir þeirra framlag.

FRÆÐSLA Í NÝHEIMUM

Opið fræðsluerindi fyrir almenning verður haldið í Nýheimum þriðjudaginn 14. apríl kl. 17:00 og eru allir velkomnir. Þá verður sérstök fræðsla haldin fyrir fagfólk og starfsfólk sundlaugarinnar.

Erindin verða flutt af greinarhöfundum Ástu Kristínu Guðmundsdóttur, ráðgjafa hjá Alheimersamtökunum.

Thelma Jónsdóttir, fræðslustjóri Alheimersamtakanna

Þriðjudaginn 14. apríl kl. 17:00

Alheimersamtökin, heilabilun og samskipti

í Nýheimum

Fræðsluerindi með Thelmu Jónsdóttur, fræðslustjóra og Ástu Kristínu Guðmundsdóttur, ráðgjafa Alheimersamtakanna
Öll velkomin – aðgangur ókeypis

ALZHEIMER
SAMTÖKIN

BJARTUR PEPPARI HITTI NEMENDUR Í FAS OG 10. BEKK

Aðsend grein: HeimaHöfn

HeimaHöfn stóð í mars fyrir valdeflandi viðburði í Nýheimum þar sem sérstakur gestur okkar var Bjartur Guðmundsson.

Bjartur hélt hvetjandi erindi fyrir nemendur í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS) og nemendur í 10. Bekk Grunnskóla Hornafjarðar. Um var að ræða þriggja tíma námskeið þar sem áhersla var lögð á sjálfstraust, viðhorf og það hvernig við getum styrkt trú okkar á eigin getu.

Bjartur fjallaði meðal annars um mikilvægi þekkingar, viðhorfa, trúar og tilfinningalegs ástands þegar kemur að því að ná þeim árangri, ánægju og frammistöðu sem við sækjumst eftir. Hann ræddi einnig við nemendur um leiðtogaþæfni og hvernig hægt er að rækta uppbyggilegt hugarfar sem styður okkur í námi, starfi og lífi. Markmiðið var að vekja nemendur til umhugsunar um mátt tilfinninga og hugarfars, og hvernig tilfinningar hafa áhrif á upplifanir okkar, ákvarðanir og athafnir og þar með einnig á hamingju og árangur í lífinu. Nemendur fengu einnig innsýn í hvernig hægt er að stýra eigin hugarástandi betur, þannig að það vinni með okkur í stað þess að sveiflast



Bjartur flutti erindi sitt á Nýtorgi í Nýheimum

tilviljanakennt í takt við ytri aðstæður.

Erindið var ekki aðeins fræðandi heldur einnig afar líflegt og skemmtilegt. Bjartur lagði mikla áherslu á þátttöku nemenda og skapaði kraftmikla stemningu þar sem nemendur voru hvattir til að taka virkan þátt. Með ýmsum æfingum og verkefnum, þar sem meðal annars var dansað, hoppað og trallað saman, náði hann fljótt að brjóta ísinn og koma hópnum í góðan gir.

Í hádegishléi var boðið uppá grillaða hamborgara og gafst þá tækifæri til að ræða sín á milli upplifun af æfingum og verkefnum námskeiðsins. Nemendur höfðu sumir á orði að þetta hefði á köflum verið „það steiktasta og jafnvel óþægilegasta sem þau hefðu gert“. Þau sögðu þó einnig að þetta hefði verið mjög skemmtilegt og þau lært mikið af upplifuninni enda hefðu þau þurft að



Nemendur tóku virkan þátt

fara talsvert út fyrir þægindarammann. Viðtökurnar voru afar góðar og ljóst að erindið vakti bæði hlátur, hugrekki og umhugsun meðal nemenda. Við þökkum Bjarti kærlega fyrir komuna og ungmennum okkar fyrir frábæra samveru.

SKJÓLGARÐUR ENDURBYGGÐUR OG HVAÐ SVO?

Aðsend grein

Þegar virðist sjá fyrir endann á nýbyggingu við Skjólgarð og endurbótum á núverandi húsnæði heimilisins er eðlilegt og þarft að varpa fram spurningunni sem er yfirskrift þessa greinarkorns.

Til þess að svara henni þarf m.a. að átta sig á hver er staða húsnæðismála eldra fólks í Sveitarfélaginu Hornafirði. Hver er og verður þörf fyrir hentugt húsnæði fyrir þennan hóp fólks í fyrirsjáanlegri framtíð? Hér á eftir er gerð tilraun til þess að varpa ljósi á þetta og kastað fram hugmyndum um hvernig megi bregðast við líklegri þróun.



Hér má sjá hugmynd Ara um staðsetningu á hugsanlegu húsnæði

Þegar rætt er um húsnæði fyrir eldra fólk er gjarnan átt við húsnæði fyrir fólk sem kys eða þarf „að minnka við sig“ eins og sagt er. Þarfir og langanir þessa hóps fólks eru mjög mismunandi. Sumir vilja 2-3 herbergja íbúðir til leigu eða eignar, aðrir kjósa þjónustuíbúðir og svo eru þeir sem þurfa húsnæði á hjúkrunarheimili. Reynslan sýnir að fólk vill gjarnan að áður nefnt húsnæði sé hluti af eða í nágrenni við svokallaða velferðarkjarna þar sem í boði er ýmis þjónusta og fjölbreytt félagsstarf m.m.

Í Sveitarfélaginu Hornafirði er mestur hluti húsnæðis sem ætlaður er eldra fólki á svokölluðum Heilsugæslureit. Á reitnum eru eignar- og leiguíbúðir þar er einnig hjúkrunarheimilið Skjólgarður. Ekki eru þjónustuíbúðir í Sveitarfélaginu. Eignar- og leiguíbúðir á Heilsugæslureitnum sem bjóðast til sölu eða leigu ganga hratt út. Þetta bendir tvímælalaust til þess að markaður sé fyrir nýjar íbúðir fyrir eldra fólk og í nágrenni við svæðið. Auk þess liggur fyrir að þörf er á byggingu þjónustuíbúða. Þegar hjúkrunarheimilið Skjólgarður verður að fullu endurbyggt



(líklega í lok ársins 2027) verða þar samtals 33 rými. Í nýbyggingunni; 20 hjúkrunarrými, í endurbyggðu núverandi húsnæði Skjólgarðs; 10 hjúkrunarrými, 2 sjúkrarymi og 1 hvíldarymi. Samkvæmt fyrirbyggjandi spá um íbúafjölda í Sveitarfélaginu Hornafirði og viðmiðum stjórnvalda um hlutfall íbúa, sem þurfa vist á hjúkrunarheimilum, eru líkur til að á árunum 2033-2035 verði þau 30 hjúkrunarrými sem bjóðast í endurbyggðum Skjólgarði fullnýtt af heimamönnum. Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um þróun næstu áratuga er líklegt að fjölgi um 8-10 manns sem þurfa vist á hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu á hverju 10 ára tímabili.

Með setningu laga hefur Alþingi falið framkvæmdarvaldinu (ríkisstjórn og sveitarstjórn) að hafa forgöngu um að fullnægjandi framboð sé af áður nefndu húsnæði á hverjum tíma og á hverjum stað. Í ljósi þessa og þess að fari fram sem horfir, eru innan við 10 ár þar til skortur verður á hjúkrunarrýmum í Sveitarfélaginu Hornafirði, hlýtur að verða eitt af fyrstu verkefnum nýrrar sveitarstjórnar að huga að þessum málum. Reynslan sýnir að verkefni sem þessi taka langan tíma í framkvæmd, fyrsti samningur um stækkun Skjólgarðs var gerður árið 2001 og verkefnið verður vonandi fullunnið í lok árs 2027 eða 26 árum síðar. Í fyrstu drögum af

skipulagi fyrir Heilsugæslureitinn var gert ráð fyrir að starfsemi heilsugæslu ásamt starfsemi hjúkrunar- og dvalarheimilis hefði forgang um nýtingu reitsins. Með deiliskipulögum seinni ára var horfið frá þessu skilyrði og þess vegna er mun flóknara að bregðast við fyrirsjáanlegum skorti hjúkrunarrýma á Skjólgarði en væri ef framsýni hefði verið við stjórnvölinn hjá skipulagsyfirlöðum. Þessar aðstæður krefjast þess að leitað sé dyrum og dyngjum að lausnum sem gagnast a.m.k. til ársins 2050. Hér á eftir set ég fram eina hugmynd að lausn á fyrirsjáanlegum fyrrnefndum húsnæðisvanda.

Byggt verði a.m.k. 3ja hæða hús u.þ.b. 1000 m2 að grunnfleti norðan við Heilsugæslustöðina þar sem nú er þyrlopallur. Starfsemi Heilsugæslunnar flyst úr núverandi húsi hennar á neðstu hæð þessarar nýju byggingar. Núverandi húsnæði Heilsugæslustöðvarinnar verði notað til stækkunar Skjólgarðs og því breytt í hjúkrunarrými. Verði þörf fyrir frekari stækkun Skjólgarðs í framtíðinni er mögulegt að byggja við vesturenda hússins. Á annar hæð nýbyggingarinnar verði þjónustuíbúðir og leiguíbúðir fyrir eldra fólk og á þeirri þriðju eignar-/leiguíbúður.

Höfn í mars 2026
Ari Jónsson

Aðalfundur

Slysavarnadeildarinnar Framtíðarinnar
verður haldinn 9. apríl klukkan 20:00
í nýja húsi félagsins að Sæbraut 5

Allir velkomnir



Slysavarnadeildin Framtíðin
verður með kaffisölu í nýja húsi félagsins
Sumardaginn fyrsta þann 23. apríl
Verið velkomin á milli 14-17



VERÐ
12 ára og eldri - 3500 kr.
6-12 ára - 2500 kr.
5 ára og yngri - 1000 kr.
posi á staðnum

LÆKKUM ÁLÖGUR Á ÍBÚA

Aðsend grein

Fasteignamat á Hornafirði hefur hækkað umfram launaþróun í landinu. Sem dæmi hefur fasteignamat á einu einbýli á Höfn hækkað úr 43 milljónum árið 2022 í 72 milljónir árið 2026, hækking upp á 67%. Á sama tíma hefur launavísitala hækkað um 36%.

Þegar fasteignamat hækkar svona mikið hækka gjöldin líka. Þrátt fyrir að álagning fasteignaskatts hafi lækkað úr 0,41% árið 2022 í 0,33% árið 2026 hefur raunálag á heimilin aukist verulega. Á sama tíma hefur álagning fráveitugjalds, sem einnig reiknast af fasteignamati staðið í stað. Niðurstaðan er einföld: íbúar greiða sífellt meira.



LÆKKUM SKATTA Á HEIMILIN

Eigendur íbúðarhúsnæðis í Sveitarfélaginu Hornafirði greiða nú mun meira í gjöld en fyrir fáum árum og þetta er einfaldlega orðið of mikið.

Til samanburðar er fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði aðeins 0,225% í Vestmannaeyjum og fráveitugjald þar 0,2%. Það er því ljóst að hægt er að gera betur.

Við teljum að sveitarfélagið eigi að standa með íbúum sínum – ekki íþyngja þeim um of með sköttum og gjöldum. Þess vegna viljum við taka skýr skref til lækkunar og munum leggja til við gerð næstu fjárhagsáætlunar að bæði fasteignaskattur og fráveitugjald verði lækkuð niður í 0,28%, að minnsta kosti.

SVEITARSJÓÐUR ÞOLIR LÆKKUNINA

Sveitarfélagið er rekið með góðum afgangi. Lækkun fasteignagjalda mun því ekki setja rekstur þess í uppnám. Þá höfum við einnig fengið staðfest að breytingarnar hafa ekki áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Mikil fjárfesting hefur orðið í fráveitu á Höfn, fjárfestingin hefur m.a. verið fjármögnuð af aðalsjóði sveitarfélagsins og í núverandi fjárhagsáætlun er áætlað að lánið verði greidd upp á tiltölulega stuttum tíma. Við teljum þó vera svigrúm til að endurskoða uppgreiðslu lána og haga niðurgreiðslu með hægari hætti, enda er um langtímafjárfestingu að ræða. Ekki er endilega réttlætjanlegt að núverandi íbúar beri einir kostnað af fjárfestingu sem nýtist einnig til framtíðar.

Við viljum léttu undir með heimilunum í sveitarfélaginu og munum áfram skoða fleiri leiðir til að draga úr álögum. Þannig aukum við einnig samkeppnishæfni sveitarfélagsins við önnur sveitarfélög þegar valið snýst um búsetu en dæmi eru um að háir skattar hrindi frá íbúum sem annars væru til í að setjast hér að.

Hugum að íbúum sveitarfélagsins með hóflegri álagningu án þess að skerða framkvæmdafé þess.

Fyrir hönd frambjóðenda Framsóknar og stuðningsmanna í Sveitarfélaginu Hornafirði

Hjalti Þór Vignisson, 1.sæti
Ingibjörg Sveinsdóttir, 2.sæti



Þetta snýst um ábyrgð og traust!



Föstudaginn
10. apríl



Kosningaskrifstofa
Vesturbraut 2



Kl 18:00

Opnun kosningaskrifstofu

Léttar veitingar og lifandi tónlist

Öll velkomin!



Framsókn

FRAMSÓKN
OG STUÐNINGSMENN

ÞAÐ ER BARA GAMAN

Aðsend grein: Emil Morávek

Allir – eða að minnsta kosti flestir – eru líklega sammála um að hvergi sé betra að búa en í sveitarfélaginu okkar.

Náttúran er einstök, fjöllin, jöklarnir, fuglalífið, víðáttan og hreina vatnið. En það sem skiptir mestu máli að mínu mati er fólkið – og það er helvíti fínt þetta fólk, þrátt fyrir að það sé stundum vesen á okkur.



Sigurður Pálmi, handhafi menningarverðlauna sveitarfélagsins og hljómsveitin Spíral

”

Við þurfum að vinna saman. Hjálpast að og tala upp samfélagið okkar, tala upp fólkið okkar og tala upp skólana og félagslífið.

Við þurfum að horfa vel á hæfileika hvers annars og fagna frumkvæði og taka jákvætt í nýjar hugmyndir og standa vörð um þær og trú á þær.

Mjög gott dæmi um þetta er listahátíðin Graffill sem haldin var síðasta sumar, að frumkvæði Sigurðar Pálma Hafþórssonar. Hann var heppinn að því leyti að rétta fólkið heyrði hugmyndina hans og veitti honum þá aðstoð sem hann þurfti til að geta séð um restina. Hætta að of hugsa og ganga í verkið – og það skilaði sér.

Það er svo mikilvægt að ofhuga ekki suma hluti, heldur bara keyra af stað. Að temja sér hugarfarar býflugunnar, sem á

samkvæmt öllum lögmálum ekki að geta flogið vegna stærðar vængja sinna og líkama, en veit það ekki – og flýgur samt.

Fullt af fólki fær góðar hugmyndir en er ekki jafn heppið og Sigurður Pálmi var með Graffill, að því leyti að það kynnir hugmyndina fyrir fólki sem einblínir of mikið á hindranir frekar lausnirnar. Við skulum hjálpast að við að vera ekki það fólk.

Ég held að við séum almennt að standa okkur vel og peppa hvort annað áfram. Höldum því bara áfram því það er leiðin sem þarf til að tryggja aukið félagslíf, aukna stemningu, aukna samkennd og það mun skila sér í öflugra samfélagi. Því þótt að maður þurfi að taka skyldum sínum alvarlega, þá má ekki gleyma að það á að vera gaman að lifa lífinu, það er svo miklu skemmtilegra.

alltaf á sínum stað...

www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300

ANNA KAREN ÍSLANDSMEISTARI Í BORÐTENNIS

Anna Karen Malmquist Bjarnadóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frábæran árangur í borðtennis á undanförunum vikum.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Anna Karen hlotið fjölda verðlauna, bæði í opnum flokki á Íslandsmóti ófatlaðra og á Íslandsmóti fatlaðra. Anna Karen er aðeins níu ára gömul og æfir borðtennis með ÍFR (Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík) en hún keppir fyrir hönd Ungmennafélagsins Vísir í Suðursveit sem stofnaði borðtennisdeild árið 2025. Anna Karen er ættuð frá Jaðri í Suðursveit en hún er dóttir þeirra Bjarna Malmquist Jónssonar og Sigrúnar Elfu Bjarnadóttur. Anna Karen æfir því reglulega á Hrollaugstöðum þegar hún heimsækir ömmu og afa í sveitina.

Á Íslandsmóti fatlaðra gerði Anna Karen sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í einliðaleik eftir æsispennandi leik þar sem Anna kom sterk inn eftir tvær tapaðar

lotur við stigahæsta leikmanninn í opnum flokki kvenna og vann næstu þrjár lotur og tryggði sér þar með 3-2 sigur. Anna Karen keppti á mótinu meðal annars við tvo fullorðna keppendur og vann til silfurverðlauna bæði í tvenndarleik og tvíliðaleik kvenna og bronsverðlaun í flokki 6 til 10. Til fróðleiks þá er flokkur 1 til 5 fyrir þá sem keppa í hjólastól. Anna er í flokki 6 og keppir því í flokki 6 til 10. Því hærra sem flokkurinn er, þeim mun minni er hreyfihömlunin. Í flokki 6 eru t.d. þeir sem eiga erfitt með gang og eiga þar af leiðandi erfitt með að hreyfa sig mikið við borðið, en Anna hefur sýnt framfarir í hreyfifletu eftir að hafa byrjað að stunda borðtennis sem er frábært og hjálpar henni í daglegu lífi.



Anna Karen með bikarinn í hönd. Mynd: Magnús Orri

Á Íslandsmóti ófatlaðra tryggði Anna sér annan Íslandsmeistaratitil, að þessu sinni í tvíliðaleik í flokki 14 til 15 ára ásamt æfingarfélaga sínum, hinni fjórtán ára gömlu Agnesi Lovísu Jóhannsdóttur sem æfir einnig með ÍFR. En þær stóllur æfa saman undir styrki stjórn Hákonar Atla Bjarkasonar sem hefur vakið athygli fyrir að fjölga fötluðum iðkendum. Anna Karen og Agnes eru báðar með mikið skerta hreyfifletu, hvor á sinn hátt, og árangurinn því enn eftirtektarverðari. Á sama móti vann Anna Karen jafnframt til silfurverðlauna í einliðaleik 11 ára og tvenndarleik 13 ára.

Ungmennafélagið Vísir hvetur íbúa til að mæta á borðtennisæfingar á Hrollaugstöðum, það er holl, góð og skemmtileg hreyfing.

- GÁS



Vinkonurnar Anna Karen og Agnes Lovísa. Mynd: Magnús Orri

VILTU GERAST STYRKJARAFILI?

EÐA FÁ BLAÐIÐ SENT HEIM UTAN SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJARÐAR?

Skannaðu QR kóðann eða hafðu samband í síma 867-6604 Það tekur aðeins 2 mínútur að skrá sig



WWW.EYSTRAHORN.IS

Fjórða tölublað ársins kemur út fimmtudaginn 7. maí Skilafrestur fyrir auglýsingar og efni er 30. apríl



ÞÁTTTAKA EÐA DAUÐI

Aðsend grein: Þorgrímur Tjörvi Halldórsson

Nú líður senn að kosningum. Sveitarstjórnar-kosningar er öflugasta verkfærið sem við höfum sem íbúar til þess að knýja fram breytingar í nærsamfélaginu okkar.

Þar erum við ekki aðeins að velja okkur fulltrúa í sveitarstjórn, heldur erum við að taka þátt í því að ákveða stefnur í málum sem hafa bein áhrif á daglegt líf okkar. Við tökum þátt í að marka stefnu í skipulagsmálum, velferðarmálum og fræðslu og frístundamálum. Þannig höfum við áhrif á þjónustu og uppbyggingu í samfélaginu



okkar. Ef við viljum sjá raunverulegar framfarir er lykilatriðið að taka virkan þátt og nýta kosningaréttinn.

Þátttaka í kosningum er bein leið til að hafa áhrif á þróun samfélagsins. Með því að kjósa veljum við ekki bara einstaklinga, heldur þær hugmyndir og lausnir sem við teljum líklegastar til að skila árangri. Því fleiri sem taka þátt, því skýrari verður vilji samfélagsins og því meiri líkur eru á að breytingar verði í takt við þarfir og vilja íbúanna. Þegar þátttakan er lítil minnkar vægi heildarinnar og hættan eykst á að fáir ráði ferðinni.

En það þarf að gera meira en að kjósa til að knýja fram breytingar. Virk þátttaka í samræðum, skoðanaskipti og samfélagsleg umræða skiptir sköpum. Með því að láta í sér heyrna, setja fram hugmyndir og taka þátt í samtalinu skapast þrýstingur á umbætur en slík þátttaka þarf að byggjast á virðingu og heiðarleika. Það er mikilvægt að viðurkenna það sem vel er

gert og tala upp árangur þar sem hann er til staðar því þá skapast traust og traust styrkir grunninn fyrir frekari framþróun.

Það er eðlilegt og nauðsynlegt að benda á það sem má betur fara. Gagnrýnin þarf að vera málefnaleg og lausnamiðuð. Þegar umræðan snýst meira um að tala niður andstæðinga og tortryggja frekar en að koma með lausnir og hugmyndir um hvernig er hægt að bæta samfélagið tapast fókusinn. Uppbyggileg nálgun þar sem áhersla er lögð á lausnir og framfarir eru mun líklegri til að leiða til raunverulegra breytinga.

Breytingar gerast ekki af sjálfu sér. Þær verða til þegar fólk tekur ábyrgð. Þegar fólk tekur afstöðu og lætur til sín taka. Með því að nýta kosningaréttinn og taka virkan þátt í samfélaginu getum við öll haft áhrif og tekið þátt í að búa til það samfélag sem við viljum búa í.

Höfundur er stjórnarmaður í KEX

MORÐ
Í SKÍÐASKÁLANUN
10. APRÍL

Taktu þátt í æsispennandi morðgátu á Verbúðarbarnum.

Vinahópur er innilokaður í afskekktum skíðaskála og morðingi er meðal þeirra. Þitt hlutverk er að finna morðingjann áður en það er um seinan ...

Allir þátttakendur fá drykk við komu og snarl meðan á viðburðinum stendur.

13.900 kr. á mann.

Skannaðu til að bóka leyndar-dómsfulla kvöldstund.

Nánari upplýsingar í síma 444 4850 eða með pósti, hofn@icehotels.is

ÞRÍR JEPPAR, 8 SNILLINGAR HVER ÖÐRUM KLÁRARI

Aðsend grein

Við lögðum af stað frá Höfn á föstudegi, full af sjálfstrausti og með þá bjargföstu trú að við værum töluvert klárari en veður, færð og edlisfræði. Þrír jeppar með átta manns innanborðs runnu af stað eins og hersveit á leið í sigurför.

Land Rover á 44 tommu dekkjum, sem bar hið hógværa nafn „Breska heimsveldið“, Ásgeir og Jóhanna plús tvö. Ram á 46 tommu dekkjum, kölluð Stóra rúsínan, gagnslaus eins og kramin vínber eru, Einar Björn og Viktor Örn. Patrol á 44 tommu dekkjum, Sveskjan, eini bíllinn sem virtist ekki þurfa að sanna neitt, Gulli og Laufey.

Auðvitað fórum við lengstu leiðina, um Dómadal. Það er eitthvað við Hornfirðinga, ef hægt er að fara lengra þá fer maður lengra, ef hægt er að búa til gott bras þá er búið til gott bras.

Fyrsti leggurinn var svona „þokkalegur“, sem þýðir að við festumst nokkuð reglulega. Sykursnjórinn bar engan, ekki flugu, flughálkan reyndi ítrekað að



Jóhanna og Laufey

sannfæra okkur um að við ættum ekki að vera þarna og krapinn, þessi forni fjandi, beið bara eftir að gleypa okkur.

Við ræddum þetta allt af mikilli fagmennsku í talstöðvunum, eins og við værum í vísindaleiðangri, þegar sannleikurinn var sá að við vorum bara að prófa mismunandi útgáfur af því að festa okkur og koma okkur í vesen.

Um kvöldið náðum við í Landmannalaugar. Þar var grillað hreindýr með tilheyrandi hátíðleika, drukkið eðalvín og talað eins og við hefðum unnið stórsigur.

Ein hetjan ákvað svo að skella sér í náttúrulegna. Á nákvæmlega sömu mínútu skall á veður sem hefði getað fært fjallgarða úr stað. Við sendum út leitarflokk á bílum, enginn fannst. Maðurinn var dauður og ekkert við því að gera, tófan sæi um rest. Að lokum birtist maðurinn alveg sjálfur, hissa á því að við hefðum ekki

komið á eftir honum. Hann sagðist hafa farið í laug sem væri „rétt við skálann“. Við hin komumst að annarri niðurstöðu og nefndum rotþró í þessu samhengi, að hann hefði legið í rotþrónni og verið að „jarðtengja sig“. Það var aldrei viðurkennt. En það var heldur aldrei afsannað.

LAUGARDAGUR, SJÁLFSTRAUSTIÐ MAÐUR MINN

Daginn eftir var þetta klassíska íslenska fjallaveður, bjart og skítakuldi. Planið var einfalt, aka að Eldgjá og enda í Hólaskjóli. Ekkert mál. Allir enn að hlæja, Laufey sem hafði „pantað“ sjö kíló af Sóma samlokum fyrir tvo í tvo daga. Sjö kíló, vel í lagt. Það var orðið að þjóðfélagssumræðu í bílnum. Það var talað um þetta eins og hún hefði verið að birgja sig upp fyrir heimsendi. Þetta háð átti eftir að verða étið ofan í sig með samlokunum þegar hungrið fór að sverfa að og ekkert var eftir nema Sóma samlokurnar.

VIÐ JÖKULGILSKVÍSL BYRJAÐI SVO RAUNVERULEIKINN

Breska heimsveldið ákvað að sýna okkur hvað bresk verkfræði getur gert þegar hún fær tækifæri til. Fyrst brotnaði einn öxull. Svo annar. Svo sá þriðji, svona til að fullkomna dýrðina. Nýhertu öxlarnir,

hertir í Ísótækni, voru eins og spaghetti og brotnuðu hver af öðrum. Breska heimsveldið stóð eftir sem 44 tommu minnisvarði um bjartsýni, von og trú. Við snerum við í gílinu, þessari leið var ekki treystandi. Snjóflóðahætta og ekkert vit í að halda áfram. Þetta var sennilega í eina skiptið í ferðinni sem rofaði frá og skynsemin tók völdin.

Já, í þá daga snjóaði. Hófst nú bakaleiðin í krapa. Allt hafði breyst úr hvítu í djúplátt. Heimsveldið var í spotta aftan í Stóru rúsínunni. Á einum stað gekk illa að koma því upp á ísskór og þá heyrðist í talstöðinni setning sem lifir enn:

„Drullaðu þér frá svo ég geti keyrt!“

Ökumaður bíls sem var í spotta. Með þrjá brotna öxla. Við í Sveskjunni grétum af hlátri. Kvöldið féll að, myrkið þyngdist og allt var orðið himinblátt milli fjallsveggja. Rúsínan sökk. Breska veldið sökk. Sveskjan hékk á einhverju sem enginn skilur enn þann dag í dag, líklega bara þrjóska. Spilið var sett í Rúsínuna til að hífa hana upp, enda sokkin upp að framrúðu.

Við komumst að þeirri niðurstöðu að nú væri kominn tími til að hringja í vin. Vinirnir komu askvaðandi. Ekki náðu þeir á nokkru tæki til okkar, enda allt komið í krapaviðbjóð, en mennirnir skriðu. Það var ákveðin niðurlægning í því að sjá björgunarmenn skrifa að hópi fólks á jeppum sem taldi sig vel útbúið.

Eftir ótal klukkutíma, spottatengingar milli allra bíla og kafund vana og vandamanna í krapanum, komumst við loks að landi. Tuttugu og fimm klukkustundir í Jökuldölum, leið sem átti að vera ekkert mál. Við enduðum á að sjóða öxla í vinnubúðum við Búðarháls, hjólstilla Breska heimsveldið úti á hlaði, enda sneru dekkinn í flestar aðrar áttir en fram.

EGÓIÐ ORÐIÐ ÖGN MINNA

Þjóðvegur númer 1 tekinn í átt að Hólaskjóli, svona til öryggis. Á leiðinni mætti okkur lögregla sem virtist ekki trúa því að Land Rover gæti farið 110 km á klukkustund. Sluppum við sekt. Radarmælingagræja lögreglunnar fékk að fjúka, pöntuð ný í hvelli.

...og samt, þegar einhver spyr hvernig ferðin hafi verið, svörum við enn: „Þetta var nú bara fin ferð. Ekkert vesen.“

Laufey Guðmundsdóttir og
Jóhanna Sigurbjörnsdóttir



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Hornafjarðardeildar 4X4
verður haldinn 22. apríl 2026
kl. 20:00 í sal AFLS Víkurbraut 4

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

hornafjörður
náttúrulega!

ATVINNA

AUGLÝST ER EFTIR SUNDLAUGAR-
VERÐI VIÐ ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ
HORNAFJARÐAR. UM ER AÐ RÆÐA
100% STARF TIL FRAMTÍÐAR.

Starfstími er í samræmi við vaktatöflu. Einungis er um að ræða stöðu fyrir kvenmann.

Helstu verkefni: Afgreiðsla, þríf og almennt eftirlit með gestum og húsinu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sveitarfélaga við FOSS, BSRB og AFL Starfsgreinafélag.

Frekari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar, sími 899-1968.

Netfang: www.gunnaringi@hornafjordur.is

Umsóknarfrestur er til **10. apríl 2026** og skal stíla umsókn á: Gunnar Ingi Valgeirson, Íþróttamiðstöð Hornafjarðar Hafnarbraut 27. 780 Höfn.

Gunnar Ingi Valgeirson
Forstöðumaður Íþróttamannvirkja Hornafjarðar.



Aðalfundur 2026

Aðalfundur Ferðafélags Austur - Skaftfellinga verður haldinn í sal AfLS að Víkurbraut 4, miðvikudaginn 15. apríl kl. 20.00

Venjuleg aðalfundarstörf

Á fundinum er hefðbundin dagskrá aðalfundar, þar sem farið er yfir ársreikninga og starfsemi félagsins. Einnig eru kosnir fulltrúar í stjórn og nefndir ásamt skoðunarmönnum reikninga.

Önnur mál

Undir liðnum önnur mál gefst fólki tækifæri á að ræða um starfsemi félagsins, koma með hugmyndir t.d hvað varðar gönguferðir eða uppbyggingu á eignum félagsins í Kollumúla

Það eru allir velkomnir á fund sem áheyrnarfulltrúar og kannski hafa einhverjir áhuga á að ganga til liðs við félagið eftir að hafa kynnt sér starfsemina.

Verið velkomin og hlökkum til að sjá ykkur sem flest

Stjórn Ferðafélags Austur-Skaftfellinga

HORN BRUGGHÚS VINNUR TIL VERÐLAUNA

Eystrahorn heyrði í Þorgrími Tjörva og Rafni Svan sem reka og starfa á Horni brugghúsi og spurðu þá nokkurra spurninga.

Geturðu sagt aðeins frá Horn brugghúsi?

Horn brugghús er handverksbrugghús á Höfn í Hornafirði. Við erum til húsa á Heppunni, nánar tiltekið að Heppuvegi 6. Horn Brugghús var opnað sumarið 2024 og höfum við verið að brugga síðan. Aðal markmiðið okkar er að brugga vandaðan og ferskan bjór með sterka tengingu við svæðið. Við leggjum mikið upp úr gæðum, stöðugleika og því að brugga bjóra sem fólk vill drekka aftur. Brugghúsið er hluti af stærri upplifun á Heppu, þar sem matur, drykkur og staðurinn sjálfur vinna saman að því að skapa skemmtilega upplifun fyrir gesti.

Hvernig tengist brugghúsið veitingastaðnum?

Brugghúsið og veitingastaðurinn á Heppu vinna mjög náið saman. Bjórnir eru þróaðir með það í huga að passa með matnum sem við bjóðum upp á og maturinn gerður til þess að passa með bjórnum. Gestir fá þannig ferskan bjór beint úr brugghúsinu og þannig lyftum við upplifuninni á aðeins hærra plan. Þrátt



Rafn brugghúsi Horn brugghúss



Forsetahjónin ásamt Elvari, Togga og Rafni

fyrir það að parast sérstaklega vel með matnum á Heppu, standa bjórnir okkar sannarlega fyrir sínu einir og sér hvort sem þeirra er notið á staðnum, uppá fjalli eða heima í stofu. Jafnframt hefur brugghúsið leyfi til smásölu beint frá framleiðslustað og er því hægt að kaupa bjórana með sér heim úr bjórbúðinni á Heppu sem er opin á sama tíma og veitingarstaðurinn. Við hvetjum þau sem eiga eftir að prófa að koma í heimsókn og kippa einum eða þremur ísköldum með sér heim!

Hvenær byrjaði brugghúsið starfsemi?

Horn brugghús hóf starfsemi í júní 2024, eftir töluverðan undirbúning, þar sem markmiðið var frá upphafi að byggja upp gæðabrugghús sem gæti staðið jafnfætis því besta sem gerist. Í dag erum við með 8 bjórtegundir í því sem við köllum kjarnaframleiðslu sem eru fánlegir allt árið um kring. Einnig bruggum við árstíðarbundna bjóra í bland þess á milli

Þið hlutuð sex gullverðlaun á Untappd. Hvað þýðir það fyrir ykkur?

Það er gríðarlega ánægjulegt að fá slíka viðurkenningu, sérstaklega þar sem hún kemur beint frá neytendum. Þetta staðfestir að við erum á réttri leið og að bjórnir okkar eru að hitta í mark. Fyrir lítið brugghús úti á landi er þetta líka mikil hvatning til að halda áfram og að gera enn betur.

Hvaða bjórar hlutu verðlaun?

Bjórnir sem fengu verðlaun voru "The lobster" í flokknum Stout, "The local" í flokknum American light, "The

Tank" í flokknum Session IPA, "Horn & Son" í flokknum Lager/Pale, "Raspberry" í flokknum Fruited Gose og "Oh Deer" í flokknum Vienna lager. Þess má til gamans geta að í fyrra fékk IPA-inn okkar "CodZilla" gullverðlaun í flokki IPA bjóra og því hafa allir kjarnabjórnir okkar fengið gullverðlaun nema einn!

Hvað teljið þið að standi á bak við þennan árangur?

Við teljum að lykillinn sé sambland af metnaði, góðu hráefni, nákvæmni og stöðugleika í framleiðslu. Við erum líka stöðugt að smakka (það má þegar þú ert bruggari!), laga og betrubæta. Svo skiptir miklu máli að hafa skýra sýn á hvað við viljum gera. Við erum ekki að reyna að gera allt, heldur gera það sem við gerum vel.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Framundan er áframhaldandi þróun á bjórlínunni, nýir bjórar og tilraunir, ásamt því að styrkja tengslin við endursöluaðilana okkar. Við erum að bæta við nýjum bjórnum í kjarnaframleiðslu okkar núna á næstu vikum. Það verða allt heiðarlegir og auðdrekkanlegir bjórar sem henta flestum við flest tækifæri. Við erum líka að horfa í að dreifa bjórnum meira á svæðinu og gera hann aðgengilegri fyrir fleiri. Það er okkar upplifun að þeir gestir sem sækja Hornafjörð heim vilji kaupa local framleiðslu og eftirspurnin eftir bjórnum okkar hefur aukist jafnt og þétt. Við höfum hingað til ekki selt bjór frá okkur í ÁTVR, en það gæti breyst í vor. Annað sem er fyrirhugað í vor er að bjóða gestum og

<p>The Lobster Horn Brewery Gold - Stout - Other 3.79 in 2024</p>	<p>The Local Horn Brewery Gold - Lager - American Light 3.60 in 2024</p>
<p>The Tank Horn Brewery Gold - IPA - Session 3.84 in 2024</p>	<p>Horn & Son Horn Brewery Gold - Lager - Pale 3.69 in 2024</p>
<p>Raspberry Horn Brewery Gold - Sour - Fruited Gose 3.85 in 2024</p>	<p>Oh Deer! Horn Brewery Gold - Lager - Vienna 3.76 in 2024</p>

gangandi uppá skipulagða brugghústúra, þar sem stiklað verður á stóru í bjórsögunni og farið yfir hvernig bjór verður til. Túrin endar síðan á bjórsmakki og spjalli við bruggarann.

Hver er sýn Horn brugghús, eru einhverjar þælingar á bakvið hvern bjór?

Sýnin er að byggja upp sterkt og trúverðugt brugghús sem stendur fyrir gleði, gæði og karakter. Á bak við hvern bjór eru ákveðnar hugmyndir. Stundum tengdar hráefnum, stundum stemningu og stundum einfaldlega að gera eitthvað áhugavert og skemmtilegt. Við viljum að hver bjór hafi sinn eigin karakter og að þegar þú drekkur hann, upplifir þú smá af stuðinu sem var hjá okkur þegar hann var búinn til.

-GÁS

Aðalfundur sjómannaedeildar AFLs

Aðalfundur sjómannaedeildar AFLs verður haldinn í húsnæði félagsins að **Búðareyri 1** á Reyðarfirði, **þriðjudaginn 14. apríl** klukkan **16:00**.

Á fundinum skal kjósa varaformann deildarinnar, einn meðstjórnanda og einn varamann. Kjörtímabil stjórnar deildarinnar eru 2 ár.

Stjórn Sjómannaedeildar AFLs

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Kjaramál
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál

Þeir sem óska eftir því að taka þátt á Teams skulu senda tölvupóst á asa@asa.is fyrir klukkan 14:00 þann 14. apríl.



ATVINNA LAUS STÖRF VIÐ GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR

Umsækjendur verða að hafa góð tök á íslensku og geta hafid störf um miðjan ágúst 2026

Matráður

Auglýst er eftir umsóknum í tímabundið starf matráðs til eins árs við Grunnskóla Hornafjarðar sem getur hafid störf um miðjan ágúst 2026. Einnig vantar matráð til afleysinga í 3 vikur frá 15.mai til 5.júní 2026.

Starf matráðs er 100% starf og felst í að taka á móti mat í móttökueldhúsi skólans og afgreiða hann til nemenda, uppvaski og þrifum á matsal og hágrenni hans ásamt minni háttar matseld og innkaupum. Umsækjendur verða að eiga auðvelt með samskipt við börn og unglíng, vera lausnamiðaðir og jákvæðir. Vinnutími er að jafnaði frá 8:00 til 16:00.

Stuðningsfulltrúa og fristundaleiðbeinandi í Kátakot. 100% starf frá 8:00 - 16:15. Helstu verkefni og ábyrgð

- Sinna uppeldi og menntun samkvæmt starfslýsingu og aðstoða nemendur við athafnir daglegs lífs.
- Styðja við og styrkja jákvæða hegðun nemenda og sjálfstæði.
- Efla félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd nemenda.
- Sjá til þess umhverfi sé öruggt, uppbyggilegt, styðji við þroska og virka þátttöku nemenda.

Menntunar og hæfniskröfur

- Æskilegt er að stuðningsfulltrúar hafi lokið stuðningsfulltrúanámi eða öðru sambærilegu námi.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Stundvísi, frumkvæði og metnaður í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð íslenskukunnátta (B1 í evrópska tungumálarámanum).
- Hreint sakavottorð (þarf að skila með umsókn).

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanevndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 15.apríl 2026

Umsóknum skal skilað skriflega til skólustjóra á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/media/gomul-gogn/starfsumsokn,-eydublad.pdf>

Frekari upplýsingar gefur Þórdís Þórsdóttir skólustjóri í síma 4708440 eða í síma 6986019 og á netfanginu thordisth@hornafjordur.is

Starfsumsókn gildir í 6 mánuði frá auglýsingu.

hornafjörður
náttúrulega!

Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

LEGÓ HÓPUR GRUNNSKÓLANS TIL GRIKKLANDS

Aðsend grein: Grunnskóli Hornafjarðar

First Lego League er alþjóðleg keppni sem nær til yfir 600.000 ungmenn í 110 löndum víða um heim.

Tilgangur keppinnar er að bjóða ungu fólki að taka þátt í verkefnum sem skapa færni í vísindum og tækni, örva nýsköpun og byggja upp hæfileika á borð við sjálfstraust, samvinnu- og samskiptahæfni. Keppninni má skipta upp í nokkra áhersluþætti; forritun og hönnun, nýsköpunarverkefni, miðlun og liðsheid.

Keppnin hefur verið haldin árlega frá árinu 2005, að undanskildu árinu 2020, og hefur Grunnskóli Hornafjarðar tekið þátt frá upphafi.

Þema keppinnar árið 2025 voru fornminjar eða Uneathed. Grunnskóli Hornafjarðar átti 2 af 19 liðum í keppninni, en í þeim voru nemendur í 7. og 8. bekk skólans sem höfuð valið að vera í Legó-smiðju. Nítján nemendur skipuðu liðin tvö, Berserki og Fortíðakubba.

Eftir mikla vinnu uppskáru liðin vel, en saman deildu liðin 1. sæti í vélmennakappleik, Berserkir lenti í 1. sæti í liðsheid og Fortíðakubbar lentu í 3. sæti fyrir besta nýsköpunarverkefnið. Að lokum



Lego hópurinn er stór og undirbýr sig fyrir mótið í Grikklandi í maí

voru það svo Berserkir sem enduðu í 1. sæti keppinnar og Fortíðakubbar í 2. sæti.

Þessi frábæri árangur skilaði þeim þátttökurétti í keppnum erlendis fyrir Íslands hönd, og hafa liðin nú staðið í ströngum undirbúningi fyrir alþjóðlegt mót sem fram fer í Grikklandi dagana 8. – 10. maí næstkomandi.

Nemendurnir hafa ásamt foreldrum staðið í ströngu við að afla fjár fyrir ferðalaginu og viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt við bakið á hópnum

síðustu vikur. Má þar helst nefna veglegan verkefnastyrk frá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Hópurinn ætlar að hafa opið hús í Heppuskóla miðvikudaginn 22. apríl kl. 17:00 þar sem þau munu kynna þjarkana sína og rannsóknarverkefnið fyrir áhugasömum.

Fyrir þá sem langar að styðja við krakkana látum við reikningsnúmer fylgja með hér að lokum: Kennitala 490283-0219 og reikningsnúmer 0133-15-13142.

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

Laugardaginn 4. apríl verður lokað hjá okkur

Gleðileg Páska

GLACIER JOURNEY
SNOWMOBILE & GLACIER HELPS

Komdu við í Bókakaffinu
Austurvegi 22, Selfossi og
Ármúla 42, Reykjavík

Mikið úrval allskonar bóka

Saga Eymundar og Halldóru í Dilksnesi á tilboðsverði

Hirðingjarnir
nytjamarkaður

Opið alla fimmtudaga
frá kl. 16:30 - 18:30

& fyrsta laugardag í hverjum mánuði
frá kl. 13:00 - 15:00

BARNAMENNING



Í tilefni af Barnamenningardögum á Suðurlandi bjóðum við upp á ýmsa skemmtilega viðburði!

Í kringum sumardaginn fyrsta verður mikið um dýrðir víða á Suðurlandi þegar Barnamenningardagar Suðurlands fara fram dagana 20.–26. apríl. Dagskráin í ár er bæði fjölbreytt og skemmtileg og þar fá börn og ungmenni tækifæri til að skapa, njóta og taka þátt í menningu á sínum eigin forsendum. Börnin sjálf verða hugmyndasmiðir, listamenn og virkir þátttakendur í viðburðum hátíðarinnar. Boðið verður upp á vinnustofur, sýningar, ljósmyndun og ýmsa fjölskylduviðburði þar sem sköpun og gleði verða í forgrunni.

Dagskrá Höfn í Hornafirði

Krakkaklúbburinn Kóbra

- Listasmiðja / föndur
- Staðsetning: Gamlabúð
- Dagsetning: 23. apríl
- Tímasetning: kl. 13:00 til 15:00
- Skráning: Engin skráning.



Vika Heimsmarkmiðanna á bókasafninu

- Umhverfissvöðun og föndur
- Staðsetning: Bókasafnið
- Dagsetning: 20. til 25. apríl
- Tímasetning: opnunartími bókasafnsins



Fab Lab námskeið laser skurður

- Staðsetning: Vöruhúsið
- Dagsetning: 20. apríl
- 1-3 bekkur, kl. 15:00 til 16:00
- 4-6 bekkur, kl. 16:00 til 17:00
- Skráning: sindriorn@hornafjordur.is



Vegglistaverk í félagsmiðstöð

- Listaverk málað á vegg
- Staðsetning: Þrykkjan
- Dagsetning: 20. til 25. apríl
- Tímasetning: Auglýst sér!
- Skráning: í Þrykkjunni



Ljósmyndakeppni (Verðlaun í boði!)

- Samfélagið með augum barna
- Flokkar: 5–8 ára / 9–12 ára / 13–18 ára
- Loka skil: 20. apríl
- Sjá veggspjald og reglur um keppnina
- Skráning: vilhjalmmur@hornafjordur.is



Markmið keppinnar er að gefa börnum vettvang til að tjá sig í gegnum ljósmyndun og sjna hvernig þau upplifa sitt umhverfi, samfélag og náttúru!



VIÐBURÐARDAGATAL HVAÐ ER UM AÐ VERA?

Miðvikudagur 1. apríl

17:15 Öndun, hugarró, vellíðan með Gunnari Marteins í Gömlubúð

Fimmtudagur 2. apríl Skírdagur

11:00 Ferming í Hafnarkirkju
14:00 Ferming í Kálfafellsstaðarkirkju
16:30 Opið í Hirðingjunum til kl. 18:30
21:00 Páska-PubQuiz Önnu Birnu á Hafinu

Föstudagur 3. apríl Föstudagurinn langi

11:00 Kyrrðarstund í Hafnarkirkju
13:00 Aðalfundur Ungmennafélagsins Vísis á Hrollaugstöðum
22:00 Páskaball á Hafinu með hljómsveitinni Ær og kýr til kl. 03:00. Verð 3.500 kr.

Laugardagur 4. apríl

13:00 Opið í Hirðingjunum til kl. 15:00
14:00 Páskabingó Kiwanisklúbbsins Öss í Nýheimum

Sunnudagur 5. apríl Páskadagur

10:30 Hátíðarmessa í Hafnarkirkju
13:00 Hátíðarmessa í Bjarnaneskirkju

Mánudagur 6. apríl

14:00 Páska-fjölskylduratleikur XD. Hefst við Sjallann, þrautþema og verðlaun, öll velkomin

Þriðjudagur 7. apríl

19:30 Málefnafundur KEX í Hofgarði til 21:00

Miðvikudagur 8. apríl

14:30 Gott geð, fræðsluerindi í Nýheimum, Spaghettibandið og Spírall spila. Lýkur kl. 17:00
17:00 Ekrubandið spilar í Gömlubúð til kl. 19:00
18:00 5 km hlaup með Hlaupahóp Hornafjarðar frá Sundlaug Hafnar. Nánar á Facebook. Öll velkomin!
19:30 Málefnafundur Kex í Holti til 21:00

Fimmtudagur 9. apríl

16:00 Aðalfundur Félags eldri Hornfirðinga á Hafinu
17:00 Language Café in Gamlabud - let's practice our Icelandic together!
20:00 Kvinnakraftur í Miðgarði, Víkurbraut 24. Allar konur velkomnar
20:00 Aðalfundur Slysavarnardeildarinnar Framtíðarinnar í nýju húsi félagsins. Allir velkomnir

Föstudagur 10. apríl

17:00 Svavarssafn. Sýningarleiðsögn um sýninguna NYTJAR. Björn Gísli Arnarson og Hanna Dís Whitehead
18:00 Opnun kosningaskrifstofu Framsóknar og stuðningsmanna
19:00 Morðgáta á Verðbúðarbarnum. Pantaðu pláss á hofn@icehotels.is

Laugardagur 11. apríl

09:30 Gönguferð með ferðafélaginu um Mýraslóð. Brottför frá tjaldstæðinu á Höfn. Sameinast í bíla
14:00 Svavarssafn. Síðasti sýningardagur sýningarinnar NYTJAR. Leiðsagnir Birtu Guðjónsdóttur safnvarðar. Opið til 18:00

Sunnudagur 12. apríl

11:00 Sunnudagaskólahátíð í Hafnarkirkju
11:00 Málefnafundur á kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi til kl. 13:00

Þriðjudagur 14. apríl

16:00 3D-skanni - Kynning á tæki/tækni í Fablabsmiðjunni í Vöruhúsinu til kl.18:00
16:30 Kynning á kvennagolfi í Golfskála
16:30 Aðalfundur deildar verslunar og skrifstofufólks AFLs í húsnaði AFLs, Víkurbraut 4
17:00 Fræðsluerindi frá Alzheimersamtökunum, heilabilun og samskipti, í Nýheimum. Öll velkomin
20:00 Aðalfundur kvenfélagsins Vöku í Mánagarði

Miðvikudagur 15. apríl

20:00 Aðalfundur Ferðafélags Austur-Skaftfellinga verður haldinn í sal Afls að Víkurbraut 4

Fimmtudagur 16. apríl

19:00 Antonía Bergþórsdóttir verður með leirnámskeið í Býflugnabænum á Fagurhólsmýri

Föstudagur 17. apríl

19:00 Opnun kosningaskrifstofu Kex á Hepputorgi

Laugardagur 18. apríl

11:00 Vöflukaffi á kosningaskrifstofu Framsóknar og stuðningsmanna til kl. 14:00
13:00 Lesum og fönndrum á bókasafninu
15:00 Aðalfundur AFLs á Hótel Framtíð, Djúpavogi
16:00 Svavarssafn. Listasmiðja fyrir börn og fullorðna. Rósa Sigrún Jónsdóttir myndlistarmaður. Þátttaka er ókeypis og öllum opin

Sunnudagur 19. apríl

16:00 Svavarssafn. Listasmiðja fyrir börn og fullorðna. Rósa Sigrún Jónsdóttir myndlistarmaður. Þátttaka er ókeypis og öllum opin

Mánudagur 20. apríl

10:00 Vika Heimsmarkmiðanna á bókasafninu, Barnamenningardagar Suðurlands, alla vikuna á opnunartíma bókasafnsins
15:00 Fab Lab námskeið fyrir börn í Vöruhúsinu Laser skurður, 1.-3. bekkur
16:00 Fab Lab námskeið fyrir börn í Vöruhúsinu Laser skurður, 4.-6. bekkur
23:59 Lokaskil fyrir ljósmyndakeppni barna, Barnamenningardagar Suðurlands. Skil berist á netfangið vilhjalmurm@hornafjordur.is

Miðvikudagur 22. apríl

17:00 Legó hópur Grunnskóla Hornafjarðar sýnir verkefni
20:00 Aðalfundur Hornafjarðardeildar 4X4 félagsins í sal Afls, Víkurbraut 4
20:00 Kvinnakraftur í Miðgarði, Víkurbraut 24. Allar konur velkomnar

Fimmtudagur 23. apríl Sumardagurinn fyrsti

13:00 Krakkaklúbburinn Kóbra / Listasmiðja föndur
14:00 Slysavarnardeildin Framtíð með kaffisölu í nýju húsi félagsins til 17:00
15:00 Vöflukaffi á kosningaskrifstofu Kex til kl. 17:00
17:00 Language Café in Gamlabud - let's practice our celandic together!
17:00 Opnun yfirlitssýningar á verkum Margotar Gamm (1931-2007) í Gömlubúð til kl. 19:00
17:00 Stuðningshópur fyrir aðstandendur fólks greint með heilabilun í Miðgarði, Víkurbraut 24
17:00 Vortónleikar Karlaórsins Jökuls í Hafnarkirkju. Aðgangseyrir: 3000 kr.
20:00 Söngfélag Skaftfellinga heldur tónleika í Hofgarði í Öræfum, fritt inn og allir velkomnir

Föstudagur 24. apríl

17:00 Söngfélag Skaftfellinga heldur tónleika í Hafnarkirkju, fritt inn og allir velkomnir

Laugardagur 25. apríl

11:00 Kvinnaborðið: Öruggt sameiginlegt rými til að æfa íslenskuna okkar / Womens table: A shared safe space to practice our Icelandic á bókasafninu
11:00 Vöflukaffi á kosningaskrifstofu Framsóknar og stuðningsmanna til kl. 14:00

Sunnudagur 26. apríl

11:00 Helgistund í Hafnarkirkju

Miðvikudagur 29. apríl

15:00 Bókaklúbbur á bókasafninu. Allt sem við hefðum getað orðið eftir Sif Sigmarsdóttir

APRÍL

Fimmtudagur 30. apríl

19:30 Kósýkvöld Slysavarnardeildarinnar í Vöruhúsinu allir velkomnir
23:59 Lokaskil á efni og auglýsingum vegna fjórða tölublaðs Eystrahorns sem kemur út 7. maí

Föstudagur 1. maí Verkalýðsdagurinn

12:00 Hátíðardagskrá AFLs

Laugardagur 2. maí

11:00 Vöflukaffi á kosningaskrifstofu Framsóknar og stuðningsmanna til kl. 14:00
13:00 Opið í Hirðingjunum til kl. 15:00

Fimmtudagur 7. maí

20:00 Kvinnakraftur í Miðgarði, Víkurbraut 24. Allar konur velkomnar

FASTIR LIÐIR Í APRÍL

Mánudaga

10:00 Gönguhópur Félags eldri Hornfirðinga
13:00 Félag eldri Hornfirðinga og Selíð dagdvöl stendur fyrir söngstund í Ekru

Þriðjudaga

09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia
10:30 Krílakaffi á bókasafninu

Miðvikudaga

10:00 Gönguhópur Félags eldri Hornfirðinga
13:00 Þrjónakaffi á bókasafninu

Fimmtudaga

09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia
13:30 Hreyfing í vatni með FeH í sundlauginni
16:30 Opið í Hirðingjunum til kl. 18:30

Föstudaga

09:30 Félagar eldri Hornfirðinga spila Boccia
10:30 Stóla-yoga fyrir 60 plús í Ekru

Laugardaga

10:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn
13:00 Þrjónakaffi á Hótel Berjaya til kl. 15:00v

Sunnudaga

11:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu Höfn
13:00 Samkoma í Hvítasunnukirkjunni á Höfn

Er viðburður framundan sem þú telur að eigi heima hér?

HAFÐU SAMBAND eystrahorn@eystrahorn.is



VILTU STYÐJA VIÐ EYSTRAHORN?

Skannaðu QR-kóðann eða hringdu í síma 867-6604

KIWANISHREYFINGIN, FYRST OG FREMST FYRIR BÖRNIN

Aðsend grein: Kiwanisklúbburinn Ós

Kiwanis er alþjóðleg þjónustuhreyfing manna og kvenna sem hefur það að markmiði að taka þátt í að bæta samfélagið og láta gott af sér leiða undir kjörorðinu: „Hjálpum börnum heimsins“.

Hreyfingin leggur áherslu á manngildi og eflingu félagskenndar meðal félagsmanna, en hver Kiwanisklúbbur reynir að þjóna sem best því samfélagi þar sem hann starfar. Í Kiwanis eru kvenna-, karla- og blandaðir klúbbar og er hreyfingin alltaf tilbúin að aðstoða við stofnun nýrra klúbba og taka við nýjum félögum. Það þarf aðeins að senda póst á kiwanis@kiwanis.is og biðja um að vera með.

Kiwanisklúbburinn Ós var stofnaður 1987 og verður því 40 ára á næsta ári. Stefnt er að því að minnast tímamótanna veglega, jafnvel að hugsa sér til hreyfings. Fyrir nokkru var ákveðið að það yrði starfandi „hliðarklúbbur“ í Ós og í hann færu konur sem hafa hug á því að ganga til liðs við Kiwanishreyfinguna. Til að stofna kvennaklúbb þarf 15 konur og í dag eru níu konur skráðar í hliðarklúbbinn. Við hvetjum allar áhugasamar konur að hafa samband til að fá meiri upplýsingar. T.d. er hægt að senda póst á kiwanis@kiwanis.is. Þá hafa undanfarið verið stofnaðir klúbbar fyrir ungmenni hjá Kiwanis á aldrinum 18 - 26 ára og ganga þeir undir nafninu „Voices“. Gaman væri ef hægt væri að stofna slíka klúbba á Íslandi.



En hvað gerir Kiwanisklúbburinn Ós fyrir samfélagið á Hornafirði? Klúbburinn hefur Styrktarsjóð til að halda utan um ágóða af verkefnum klúbbsins. Ágóði af árlegri jólatréssölu í Jóláporpi Kiwanis, páskabingói og Góðgerðarveislu fer í Styrktarsjóð Óss og er þaðan veitt út til samfélagsins. Um jólin fengu 15 bágstaddar fjölskyldur veglegan styrk með aðstoð NETTÓ gegnum Samfélagssjóð Hornafjarðar. Ós hefur styrkt leikskólann, grunnskólann og framhaldsskólann með veglegum gjöfum í gegnum árin. Heilbrigðisþjónustan hefur fengið sinn hluta af söfnunarfé til tækjakaupa og ýmsar safnanir hafa verið til hjálpar langveikum börnum. Enn eitt verkefnið sem Ós styrkir eru sérstök gleraugu sem henta vel í íþróttum og hefur Ungmennafélagið Sindri umsóknarformið til að sækja um slík gleraugu fyrir börn. Líka má nefna kassa með 13 gjöfum sem hjálpa börnum að gleðjast um jólin.

Það eru líka fjölmörg verkefni sem Kiwanis stendur fyrir á landsvísi t.d. Grímseyjarsöfnun 2021 til að safna fé til að endurreisa kirkjuna eftir bruna, hjálmar til barna í samstarfi við Eimskip frá 2003. Evrópuverkefni eru; Happy Child stuðningur við börn á flóttu í Sírylandi 2020-2021, skósöfnun til fátækra barna í Rúmeníu 2020, Úkraínu söfnun fyrir

jólin 2025. Það sem Kiwanishreyfingin á Íslandi er þó líklega þekktust fyrir er sala á K-lyklinum sem var seldur á tveggja til þriggja ára fresti og var síðast til styrktar Einstökum börnum árið 2024. Þá náðist að safna 70 milljónum króna. Næsta stóra söfnun á vegum Kiwanis er fyrirhuguð í október 2027. Helsta heimsverkefni Kiwanis undanfarin 12 ár er útrýming á stífkrampa Maternal/Neonatal Tetanus í samstarfi við UNICEF Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Því miður hefur ekki enn náðst að útrýma stífkrampa í nokkrum stríðshrjádum löndum og enn finnst stífkrampi í 10 löndum.

Starfsemi klúbbsins er fyrst og fremst borin uppi af félögum sem eru tilbúnir að vinna að verkefnum hverju sinni, en það eru líka fjölmargir aðrir sem leggja hönd á plóg og gera starfsemina mögulega. Sérstakar þakkir fá eftirtalin fyrirtæki á Hornafirði; Hafid, Heppan, Hótel Höfn, Mikael, Martölvan, Þingvað, Húsasmiðjan, Nettó, Ajtel, Múrfeðgar, Eimskip, Olís og Skinney-Þinganes fyrir ýmsa aðstoð við verkefni klúbbsins.

Stjórn Kiwanisklúbbsins Óss óskar öllum Hornfirðingum gleðilegra páska og minnir á Páskabingó í Nýheimum kl 14.00 laugardaginn 4. apríl en allur ágóði rennur í Styrktarsjóð hjá Ós.





GÖNGULEIÐIR VIÐ HORNAFJÖRÐ

Höfundur: Rannveig Einarsdóttir



Fæst í Berg-spor



GÖNGUFERÐ UM MÝRASLÓÐ

Gengið frá Haukafelli að Skálafelli

 **11. apríl**  **9:30**

Brottför frá tjaldstæðinu á Höfn kl. 9:30 þar sem sameinast er í bíla

Verð 1000 kr. fyrir einstakling og 1500 kr. fyrir þör. Frítt fyrir 18 ára og yngri.

Umsjón: Sigrún Sigurgeirsdóttir, sími 864-5456

Allir velkomnir
Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

HRINGRÁS
ENDURVINNSLA

Sumarstarf

Hringrás leitar eftir sumarstarfsmanni í flokkunarstöð félagsins á Höfn í Hornafirði. Starfsmaður þarf að vera jákvæður, sveigjanlegur og sýna frumkvæði í starfi. Mikilvægt er að starfsmaður hafi eiginleika á borð við samskiptahæfni og þjónustulund.

Vinnutími frá 09:00 - 17:00 virka daga en 08:00 - 16:00 á föstudögum og annan hvern laugardag. Hægt að breyta vinnutímum í samráði við verkstjóra. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í maí og starfað fram í ágúst.

Helstu verkefni og ábyrgð
Taka móti efni frá viðskiptavinum.
Flokkun og meðhöndlun á efni.
Almenn og tilfallandi störf á svæðinu.

Menntunar- og hæfniskröfur
Lyftarapróf er kostur.
Íslenska eða enska.

Upplýsingar um starfið veitir verkstjóri á Höfn.
Jakob s: 849-1482 eða jakob@hringras.is
Um er að ræða 100% starf.

STARFSFÓLK ÓSKAST

Óskum eftir tveimur starfsmönnum í þrif

Mjólkurstöðin

Sumarrafleysingu í Mjólkurstöðina
Vinnutími 08:00-15:00 (frá byrjun júní)

Heppu íbúðir

Sumarstarfsmann í Heppu íbúðir
Vinnutími 11:00-15:00

Upplýsingar:
Elinborg í síma 895 3830
bodda@milkfactory.is



SPÍRALL Á LEIÐ Í SÖNGKEPPNI SAMFÉS

Undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi var haldin á Flúðum á dögnum og tók Þrykkjan þátt eins og svo oft áður.

Að þessu sinni steig ný stelpnahljómsveit á svið, Spíral, skipuð sex ungmennum úr Þrykkjunni á aldrinum 14 til 16 ára. Í hljómsveitinni eru þær Björg Kristjánsdóttir, Björg Sveinsdóttir, Bryndís Björk Hólmarsdóttir, Bryndís Jóna Valdimarsdóttir, Emillía Ósk Jóhannsdóttir og Freyja Dís Tjörvadóttir.

Nú félagsmiðstöðvar víða af Suðurlandi stíga á svið í undankeppninni og aðeins tvö atriði komust áfram. Spíral flutti lagið Creep með Radiohead og tryggði sér með flutningi sínum sæti í aðalkeppni Söngkeppni Samfés sem fram fer í Laugardalshöll 9. maí. Stelpurnar svöruðu nokkrum spurningum um hljómsveitina, keppnina og það sem er framundan.

Hvernig varð hljómsveitin Spíral til?

Við erum svo heppnar að amma og afi einnar okkar eru með fullt af hljóðfærum heima hjá sér og við vorum nokkrar að leika okkur að búa til hljómsveit og æfa okkur þar og svo var stofnaður tónlistarklúbbur í Þrykkjunni og við skráðum okkur og þá fengum við hjálp hjá Björgu og Þorkeli og þá varð þetta meira alvöru hljómsveit og þá fórum við æfa nokkur lög af alvöru.



Frá undankeppninni á Flúðum



Hljómsveitin Spíral. F.v Freyja, Björg K, Bryndís Jóna, Bryndís Björk, Emillía og Björg S.

Hvenær hófst undirbúningurinn fyrir keppnina?

Við byrjuðum sennilega í nóvember eða desember á síðasta ári. Þá fórum við að æfa nokkur lög og svo fór þetta bara á fullt í janúar og febrúar þegar við vissum að við fengjum að keppa í Undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi (USSS)

Hafið þið oft komið fram áður?

Við höfum ekki oft komið fram, en samt nokkrum sinnum. Fyrst spiluðum við í Tónskólanum þegar verið var að velja hvaða lag ætti að fara áfram. Svo fengum við líka tækifæri til að opna Blúshátíðina í byrjun mars sem var ótrúlega skemmtilegt og gaf okkur smá reynslu áður en við fórum í undankeppnina á Flúðum.

Hvernig kom það til að þið völduð að æfa Creep?

Við vorum með lista af lögum og völdum nokkur til að byrja að æfa, meðal annars Creep með Radiohead, Dreams með Fleetwood Mac og Come As You Are með Nirvana. Okkur fannst Creep bara flott og svolítið öðruvísi lag, og við fílum líka gamla tónlist. Svo var það í höndum dómara í undankeppninni hérna heima að skera úr um það og þeim fannst að það lag ætti best heima í keppninni og það var greinilega mjög gott val.

Hvernig var að stíga á svið í undankeppninni á Flúðum?

Það var mjög spennandi en líka stressandi. Flestar okkar voru frekar stressaðar fyrst, sem er örugglega bara mjög eðlilegt, en svo þegar við fórum loksins á sviðið varð þetta bara geðveikt

skemmtilegt. Við höfðum líka farið í hópefli með Bjarti peppara fyrir í mánuðinum sem hjálpaði mikið.

Hvernig leið ykkur þegar úrslitin voru tilkynnt og þið vissuð að þið kæmust áfram?

Við trúðum þessu eiginlega bara ekki og vorum í algjöru sjokki. Við vorum rosalega hissa en líka ótrúlega glaðar og þakklátar. Eftir atriðið hlustuðum við á streymið og okkur fannst það ekki hljóma nógu vel þar, þannig að við áttum alls ekki von á þessu. Svo heyrðum við myndband af atriðinu á Instagram hjá Þrykkjunni og þá fannst okkur þetta hljóma miklu betur, þannig að þá skildum við þetta aðeins betur.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast við að spila saman sem hljómsveit?

Það skemmtilegasta er bara að spila saman og fá að koma fram. Það er líka alltaf mjög gaman á æfingum hjá Björgu og Þorkeli. Við stelpurnar náum líka mjög vel saman og það gerir allt miklu skemmtilegra.

Eruð þið allar í tónskólanum?

Fjórar okkar eru í tónskólanum, þó ekki endilega allar að læra á sama hljóðfæri og við spilum á í Hljómsveitinni.

Eruð þið með einhver skilaboð til Hornfirðinga sem ætla að fylgjast með og hvetja ykkur áfram?

Takk kærlega fyrir allan stuðninginn. Hann skiptir ótrúlega miklu máli fyrir okkur og gefur okkur kraft til að halda áfram. Og já, bara áfram Spíral!

- GÁS

LEIKSÝNING Í SUÐURSVEIT

Aðsend grein: Þorbjörg Arnórsdóttir, forstöðumaður Þórbergssseturs

Laugardaginn 28. febrúar fengum við skemmtilega heimsókn í Þórbergsssetur, en þá komu þau hjónin Jón Hjartarson og Ragnheiður Tryggvadóttir með sýninguna um Sálminn um blómið, sem Jón hefur verið að sýna í Landnámssetrinu í Borgarnesi í vetur við góða aðsókn.



Segja má að Þórbergur hafi fylgt Jóni síðan hann lék Þórberg eldri í Ofvitnum hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó árið 1979. Það mátti undrun sæta hversu vel Jón passaði í hlutverkið þar og var í raun nauðalíkur Þórbergi, en kannski ekki síður Steinþóri bróður Þórbergs sem var alla tíð bóndi á Hala.

Það var reyndar þar sem hugmyndin að Þórbergssetri kviknaði þegar núverandi forstöðumaður Þórbergssseturs var í stuttri ferð til Reykjavíkur, - náði síðasta miðanum og fór ein á sýninguna um Ofvitann frá Hala. Þar skynjaði hún hversu sterkt verk Þórbergs tala til okkar Íslendinga í gegnum einstaka stílsnild og ólýsanleg skemmtilegheit, þessi undirliggjandi húmor sem Jóni Hjartarsyni tekst svo vel að koma til skila með leik sínum. Þar með vaknaði áhuginn á Þórbergi og verkum hans, - teningnum var kastað. Allt í einu læddist inn í „hugskoðunaratarinn“ að Þórbergur og „Sobeggi“ afi væru jú landsfrægir og bæurnar og öll verkin hans Þórbergs áttu sér samastað í hugskoti fjölmargra Íslendinga, - og Hali var þekktur bær, - og Suðursveitin var sveitin hans Þórbergs.

Þarna var það þá, - Þórbergur var



Jón Hjartarson í hlutverki sínu

kominn til að vera og lifa með okkur í Framtíðarlandinu með verkin sín, lífsspekina og orðsnilldina, húmorinn og skemmtilegheitin. Við nutum því vel heimsóknar Jóns Hjartarsonar hingað í Þórbergsssetur með þennan stórkostlega einleik úr Sálminum um blómið. Við Skaftfellingar getum glaðst yfir langlífi sveitaraðsins frá Hala og alþjóðasinnans Þórbergs sem tengir svo sterkt alþýðumenningu liðins tíma inn í tækniveröld nútímans.

Sýninguna sóttu um 40 manns. Það var ótrúlega áhrifamikill að breyta Þórbergssetri í leikhús einn dag og það náðist frábær stemning. Munir úr búi Margrétar og Þórbergs voru til sýnis og opið var inn í Umskiptingastofuna á Hringbrautinni. Að lokinni sýningu settist Jón við skrifborð Þórbergs og það var rétt eins og andinn hans Þórbergs væri yfir okkur, - enda sögðu þau Ragnheiður og Jón að þau hefðu fundið sterkt fyrir nálægð við fortíðina og tengslin við Þórberg með dvöl á Hala.

Sögusvið Sálmsins um blómið er bæði í Reykjavík og í Suðursveit, - því í síðara bindi bókarinnar er sagan af heimsókn Þórbergs og Margrétar í Suðursveit sennilega árið 1951. Þá var Lilla Hegga í sveit á Kálfafelli hjá honum Benedikt bróður Sobbeggi afa. Sobbeggi afi segir frá því er hann fór í landkynningarferðir með Steinþóri litla og Tollu á Hala og Lillu Heggum um umhverfið og talaði við steinana, gamla vini hans frá

fyrri tíð.

Sálmurinn um blómið lýsir þroskasögu barns allt frá fæðingu til 10 ára aldurs. Í bókinni birtist einstök saga, þar sem gamlinginn Þórbergur lifir sig inn í heim barnsins og leiðir smátt og smátt litla stúlku í sannleikann um veröldina í kring. Sjónarhorn og efnistöð verksins eiga vart sinn líka í öllum heiminum. Í lýsingum Þórbergs má greina hvernig persónuleiki verður til í gegnum tungumálið og áhrif þess á mótun sjálfsmyndar og hugsunar á mótunarárum barnsins.

Sálmurinn um blómið er kjörinn til samlesturs barna og fullorðinna þar sem heimur barnsins og ólíkar sjálfsmyndir lærimestarans Þórbergs kallast á. Sálmurinn um blómið er því bók fyrir börn á öllum aldri.



Sobbeggi og mammagagga

RAUÐI KROSSINN Í NÝTT HÚSNÆÐI

Aðsend grein

Rauða kross deild Hornafjarðar hefur verið starfrækt í mörg ár og er mikilvægur hluti af viðbragðsaðilum í sveitarfélaginu. Í gegnum tíðina hefur deildin verið á hrakhólum hvað varðar aðstöðu fyrir starfsemina og eignir deildarinnar.

Með tilkomu Björgunarmiðstöðvarinnar gafst deildinni tækifæri til að leigja rými í öðrum enda húsnæðisins og er stefnt á að deildin fá rýmið afhent núna í byrjun apríl. Við færum Björgunarfélagi Hornafjarðar og Slysavarnarfélagi Framtíðinni þakkar fyrir að gefa okkur þetta tækifæri.

Það mun gerbreyta starfsemi deildarinnar að komast inn í húsnæði og er stefnan sú að vera með sölu á notuðum fatnaði í húsnæðinu ásamt öðrum textíl og fleira. Einnig verður



Eyrún Axelsdóttir að störfum

deildin með skrifstofurými fyrir almenna skrifstofuvinnu og viðtöl ásamt því að vera með seturými og vinnuborð í sama rými og fatasalan. Fyrir innan það rými verður vinnuaðstaða til flokkunar.

Deildin hefur alltaf verið virk í almannavörnum og með tilkomu húsnæðisins er tækifæri til að efla starfsemina enn frekar með fatasölunni, aðstöðu til samkomu, námskeiða, funda, spjalls og ýmiss konar aðstoðar við einstaklinga og fjölskyldur.

Þeir sjálfbóðaliðar sem staðið hafa vaktina undanfarin ár eiga heiður skilið

fyrir þeirra störf. Deildin leitar eftir fleiri sjálfbóðaliðum til að vinna við ýmiss konar verkefni og við að efla starfsemina enn frekar. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband við Eyrúnu Axelsdóttur formann deildarinnar. Samfélagsmiðlar verða nýttir til að hóla saman fólki til að setja aðstöðuna upp með okkur svo fylgist vel með á miðlunum.

Við erum bjartsýn fyrir framtíðinni og tilhlökkun ríkjandi fyrir nýjum tækifærum.

Rauða kross deild Hornafjarðar
Eyrún Axelsdóttir

TILKYNNING UM GJALD VEGNA EYÐINGAR DÝRALEIFA

Í Sveitarfélaginu Hornafirði greiða búfjáreigendur sérstakt gjald vegna eyðingar dýraleifa. Gjaldið byggir á raunverulegum kostnaði við þjónustuna og skiptist samkvæmt haustskýrslum Atvinnuvegaráðuneytisins (áður Matvælaráðuneytið).

Tölfræði upplýsingar liggja fyrir eitt ár aftur í tímann, þannig að gjald fyrir árið 2026 byggir á fjölda búfjár samkvæmt haustskýrslum 2024–2025.

Frá og með þessu ári verður gjaldið ekki lengur innheimt með fasteignagjöldum, heldur verður það rukkað með sérstökum reikningi.

Ef reikningurinn á að berast öðrum en fasteignaeiganda (t.d. rekstraraðila eða fyrirtæki) er viðkomandi beðinn um að hafa samband við sveitarfélagið fyrir lok apríl svo hægt sé að skrá réttan móttakanda.

TILKYNNING UM SKRÁNINGU ROTÞRÓA

Samkvæmt gjaldskrá fráveitu Sveitarfélagsins Hornafjarðar sér sveitarfélagið um tæmingu rotþróa að jafnaði þriðja hvert ár. Greitt er árlegt rotþróargjald fyrir íbúðarhús, sumarhús og frístundahús sem eru með eigin fráveitu eða sem eru ekki tengd fráveitukerfi sveitarfélagsins, sbr. 5. mgr. 9. gr. samþykktar um fráveitu í Sveitarfélaginu Hornafirði nr. 669/2016.

Til að tryggja rétta þjónustu og innheimtu gjaldsins eru fasteignaeigendur sem falla undir þjónustuna beðnir um að yfirfara skrá yfir rotþrær á www.hornafjordur.is undir: Þjónusta / Umhverfið / skráning rotþróa, og ganga úr skugga um að upplýsingar séu réttar.

Vinsamlegast athugið sérstaklega:

- Stærð rotþróa – ef upplýsingar vantar eða eru rangar.
- Sameiginlegar rotþrær – ef rotþró er sameiginleg fyrir fleiri en eina fasteign.
- Vantar fasteign á listann – ef rotþró er ekki skráð.

Ef gera þarf breytingar er vinsamlegast haft samband við sveitarfélagið fyrir lok apríl.

Hafa má samband við sveitarfélagið:

Í síma: 470 8000 eða á netfanginu xiaoling@hornafjordur.is með titlinum „Skráning rotþróa“ eða „eyðingar dýraleifa“. Ef tilkynning berst eftir lok frestsins er engu að síður hægt að hafa samband og við aðstoðum við breytingar.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

KVENNA GOLF Sumarið 2026

Kynning í skála þann 14. apríl kl. 16:30
Nýliðatímabil frá 21. apríl – 26. maí

Kvennagolf alla þriðjudaga kl. 16:00/16:30
Frítt fyrir nýliða að koma og prófa golf og fá lánað sett

Allar velkomnar!

Ýmsir viðburðir yfir sumarið!
Allar nánari upplýsingar á
Facebook: **Kvennagolf Hornafirði**



Söngfélag Skaftfellinga
heldur tónleika

Hofgarði í Örafum
sumardaginn fyrsta
fimmtudaginn 23. apríl 2026, kl. 20

Hafnarkirkju á Höfn
föstudaginn 24. apríl 2026, kl. 17

Enginn aðgangseyrir
og allir velkomnir!

HORNFIRSKA MENNTABYLTINGIN

Aðsend grein: Guðjón Ragnar Jónasson og Þorvarður Árnason

Eigi þarf að fjölyrða um mikilvægi menntunar. Hér á Hornafirði eru margar menntastofnanir og hefur löngum verið gott samtal og samstarf þeirra í millum. Í Nýheimum er framhaldsskóli (FAS) og rannsóknasetur frá Háskóla Íslands.

Þannig háttar til nú að stefnt er að stofnun háskólasamstæðu en tilgangur hennar er m.a. að búa til nýjan „sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni“ sem yrði grundvallaður annars vegar á núverandi Hólaskóla og hins vegar á háskólasetrinum



tólf sem Háskóli Íslands starfrækir á landsbyggðinni. Augljóslega þarf slíkur landsbyggðarháskóli að byggjast upp á fleiri stöðum en Hólum. Við hér á Hornafirði höfum upp á marga að bjóða, hingað streyma nemendur til að skrifa doktorsritgerðir og náttúran og jöklarnir eru sterkt aðdráttarafli. Það er von okkar að í framtíðinni verði boðið upp á alþjóðlegt, þverfræðilegt nám í jöklafræðum enda ljá jöklarnir okkar daglega lífi litina, lyktina og leiktjöldin.

Mikið og gott samstarf hefur jafnan verið milli FAS og háskólasetursins. Nú þegar vindar bjartsýni blása um samfélag okkar með tilheyrandi hugmyndum um uppbyggingu húsnæðis ákváðum við að stinga niður penna og gera grein fyrir tveimur verkefnum sem nú eru í gangi á landsbyggðinni um uppbyggingu húsnæðis til handa nemendum, sem við teljum gefa fordæmi fyrir hliðstæða uppbyggingu hér á Hornafirði.

Nú er verið að byggja nemendagarða fyrir Menntaskólann í Borgarfirði. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fjármagnar bygginguna með lánum sem dekkja um helming kostnaðar. Margar leiðir er hægt að fara til að fjármagna það sem upp á vantar, með framlögum frá

atvinnulífnum, húsnæðisfélögum og/eða opinberum aðilum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar og Brákarhlíðar fasteignafélags ehf. og munu nemendagarðar skólans kaupa neðstu hæð hússins sem sjá má á mynd hér að ofan en það mun hýsa 12 íbúðir fyrir allt að 18 nemendur. Á efri hæðum hússins, það er annarri til fjórðu hæð, verða íbúðir ætlaðar einstaklingum 60 ára og eldri. Með þessu sameinaða húsnæði er brugðist við aukinni þörf fyrir hagkvæmt húsnæði fyrir eldra fólk um leið og útbúin er aðstaða fyrir þá sífellt fleiri nemendur sem sækja nám við Menntaskóla Borgarfjarðar.

Á Flateyri voru fyrir ári reistir falletir nemendagarðar fyrir starfsemi Lýðskólans þar. Um er að ræða tvö samtengd hús með fjórtán stúdíóíbúðum fyrir námsmenn, auk sameiginlegs rýmis með eldhúsi sem tengir húsinn saman. Nemendagarðarnir voru fyrsta nýbygging á Flateyri í yfir tuttugu ár og fjármögnun þeirra var með áþekkingu hætti og í Borgarnesi. Á vefsíðu skólans, www.lydflat.is, má finna nánari upplýsingar og sjá myndir af aðstöðunni sem þar er í boði.



Við sjáum mikil samlegðaráhrif í því að FAS og háskólasetrið taki höndum saman um að hefja umræðu um byggingu nemendagarða hér á Hornafirði.



Tölvugerðmynd af nemendagörðum í Borgarfirði sem eru í byggingu. Mynd: HMS

Að þessu borði þarf sveitarfélagið okkar að koma. Hins vegar er hér líka um að ræða vettvang þar sem atvinnulífið ætti að komu að, enda þarf atvinnulífið á kröftugu skólakerfi að halda, ekki síst á tímum mikilla þjóðfélags- og tæknibreytinga. Einnig er mikilvægt fyrir framhaldsskólann að laða að sér nemendur sem ekki hafa heimilisfesti á Höfn enda nærumhverfi skólans víðfemt. Árgangar eru misstórir á Hornafirði og því er mikilvægt að geta boðið nemendum að stunda hér nám óháð búsetu. Margir muna eftir heimavistinni í Nesjaskóla. Hana sóttu framhaldsskólanemar víða að en með heimavist verður framhaldsskólinn ekki eins háður sveiflum í nemendafjölda hér heima fyrir.

Einnig má nefna að nokkrir erlendir nemendur stunda nú framhaldsnám í tengslum við háskólasetrið og til að sú starfsemi nái að eflast þarf öflugan nemendagarð. Það eru enn fremur margvísleg sóknarfæri í uppbyggingu háskólanáms á svæðinu, enda hefur

skortur á hentugu húsnæði fyrir rannsakendur og nemendur – ekki síst að sumarlagi – lengi staðið í vegi fyrir möguleikum háskólasetursins á að taka á móti nemendahópum, bæði frá innlendum og erlendum háskólum. Háskólasetrið fær að jafnaði 5-6 skólahópa til sín á hverju sumri, þeir gætu hæglega orðið mun fleiri ef betri aðstaða væri fyrir hendi. Enn fremur er ljóst að fjölmargir fræðimenn og listamenn myndu vilja dvelja hér við vinnu yfir lengra tímabil (t.d. 4-6 vikur) ef þeir ættu kost á hentugri leiguíbúð (residensíu).



Bygging nemendagarða er því gríðarmikið framfaramál fyrir FAS og háskólastarfið hér á Höfn.



Tölvugerðarmyndir af nemendagörðum fyrir Lýðskólan á Flateyri. Myndir: Yrki arkitektar



Hver veit nema okkur auðnist í fyllingu tímans að bjóða t.d. upp á alþjóðlegt nám í jöklafræðum, nám sem myndi laða til okkar nemendur mjög víða að úr heiminum. Dæmi eru um sambærilegt nám á Ísafirði, Húsavík og fleiri álíka stórum samfélögum á landsbyggðinni. Fregnir herma að mikil uppbygging sé framundan hér á Höfn og í nærsveitum. Mikilvægt er að sú uppbygging styðji við fjölbreytt og gróskumikið mannlíf. Menntun skiptir miklu við uppbyggingu framtíðarstarfa og henni fylgir líka mikilvægt menningarlegt auðmagn. Aukið samtal skólastiganna skiptir sömuleiðis miklu máli. Samfélagið þarf á kröftugum framhaldsskóla að halda og ekkert hefur jafn víðtæk og jákvæð áhrif á byggðaðþróun og möguleikar fólksins til að stunda nám heima í héraði sem lengst.

Við erum ánægðir með að geta „snúið bökkum saman“ og vonumst til að sá nýjum fræjum sem yrðu upphaf að víðtæku samtali innan samfélagsins. Við eigum okkur metnaðarfullan draum, þessum draumi viljum við deila með íbúum sveitarfélagsins og sjá hvort við náum ekki í sameiningu heilum vagni heim að aka.

GOTT GEÐ STUÐNINGUR EÐA FRÁVÍSUN

Aðsend grein

Ástandið í geðheilbrigðismálum á Íslandi er ekki gott og staðan er enn verri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

Margt má tína til svo sem lítið fjármagn og glöppótt kerfi sem virkar of oft sem frávisunarkerfi. Við þurfum að gera betur sem samfélag og byggja upp kerfi þar sem geðrækt er hluti af daglegu lífi. Við þurfum einnig að líta á geðheilbrigði sem sameiginleg viðfangsefni okkar en ekki bara vandamál einstaklinga.



Þann 8. apríl næstkomandi verður haldinn geðviðburður í Nýheimum frá klukkan 14:30 til 17. Við fáum gesti frá Traustum kjarna, SÁTT og sennilega einnig frá Geðhjálpi sem kynna sín samtök. Auk þess verður stutt kynning á félagsþjónustunni og Góðu baklandi. Á milli kynninga spila Spaghettibandið og Spírall. Í lokin verða umræður og fyrirspurnir.

Kynntu þér málin, taktu afstöðu og virkan þátt í að bæta geðsamfélagið okkar.

Gott geð

8. APRÍL

Í NÝHEIMUM 14:30-17:00	
FREYMAR	TRAUSTUR KJARNI
	JAFNINGJASTUÐNINUR
ELÍN	SÁTT: SAMTÖK UM ÁTRÖSKUN
	OG TENGDAR RASKANIR
NINA	LEIÐTOGI JAFNINGJA LSH
SPAGETTI BANDIÐ	SJÁ UM SKEMMTILEGT
OG SPÍRALL	UPPBROT

Gestir okkar verða Freymar, Nína og Elín og ef til vill einnig fulltrúi frá Geðhjálpi. Eftirfarandi kynning á Freymari og Nínu kemur frá Freymari.

TRAUSTUR KJARNI

Freymar Gauti Marinósson er stofnandi Trausts Kjarna, frumkvæðis sem hófst á Vestfjörðum og vinnur að því að efla tengsl, von og bata í gegnum jafningjastuðning og reynslu fólks sjálfs. Freymar deilir eigin reynslu og sýn á hvernig samvinna, samfélag og rödd fólks með lífaða reynslu geta skapað nýjar leiðir í geðheilbrigðismálum, bæði á Íslandi og alþjóðlega.

Nína Eck er leiðtogi jafningja á Landspítala og félagsráðgjafi. Hún vann með sína lífðu og lífandi reynslu sem fyrsti jafninginn í Geðþjónustu LSH og hefur kennt jafningjanámskeið Intentional Peer Support frá 2023. Hafandi upplifað fordóma á eigin skinni bæði persónulega og í háskólanámi er henni annt um að nýta eiginleika og verkfæri jafningjastuðnings til þess að bæta samskipti almennt og til þess að auka notendasamráð í geðheilbrigðisþjónustu. Sömuleiðis er mikilvægt að veita því athygli hvernig fagsjálfr er byggt upp þannig að það hindri ekki meðferðartengsl og komi í veg fyrir samúðarþreytu.

SÁTT

Elín Vigdís Guðmundsdóttir er formaður samtakanna SÁTT (Samtaka um átröskun og tengdar raskanir). Hún er lögfræðingur á meðferðarheimilinu Krýsuvík, ráðgjafi og jóga/hugleiðslukennari hjá átröskunarteymi Landspítala og vinnur að því að setja á fót meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með átraskanir.

Sigrún Bessý Guðmundsdóttir, Félagsþjónusta Sveitarfélagsins Eyjólfrur Guðmundsson, Gott baklandi. Hornfirskur hópur aðstandenda fólks með geðröskun.

ÍSLENSKA ÞJÓDFÉLAGIÐ NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

RÁÐSTEFNAN UM ÍSLENSKA ÞJÓDFÉLAGIÐ

17.-18. APRÍL 2026 Í NÝHEIMUM Á HÖFN

Á ráðstefnunni kynnis fræðafólk rannsóknir sínar á sviði hug- og félagsvísinda og eru erindin öllum opin.

Dagskrá má finna á heimasíðu Nýheima þekkingarseturs:
www.nyheimar.is/islenska-thjodfelagid/

SAMTAL SVEITARFÉLAGSINS VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Aðsend grein Nýheimar þekkingarsetur

Í marsmánuði voru haldnir fjórir samráðsfundir með stærstu atvinnugreinum sveitarfélagsins: Landbúnaði, sjávarútvegi, ferðaþjónustu ásamt verslun og þjónustu.

Nejra Mesetovic, byggða- og nýsköpunarfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar stýrði fundunum og kynnti um leið hvaða hlutverki hún gegnir. Byggða- og nýsköpunarfulltrúi vinnur að því að efla samstarf við atvinnulífið og styðja við nýsköpun og atvinnuþróun. Fulltrúinn er til staðar fyrir einstaklinga, frumkvöðla og fyrirtæki sem vilja ráðgjöf, tengingar eða leiðsögn við þróun hugmynda og verkefna.

Samanlagt mættu rúmlega 60 manns á fundina sem haldnir voru á Hrollaugsstöðum og í Nýheimum, ásamt því að vera sóttir í streymi.



Frá samráðsfundi á Hrollaugsstöðum

”

Markmiðið með fundunum var að ná beinu samtali við atvinnulífið og kortleggja þarfir, hindranir og tækifæri þess. Fjöl margar ábendingar komu fram á fundunum og samtalið var afar gagnlegt. Hér verður farið yfir helstu atriði en þó er listinn langt frá því að vera tæmandi.

Ýmsar áhyggjur komu fram á fundi landbúnaðarins. Helstu hindranir sem taldar voru upp voru háttjarðaverð, skortur á fólki og fjármagni, flutningskostnaður, erfiðleikar í nýliðun, fjarlægð við þjónustuaðila og ójafnvægi milli þarfa náttúruverndar og landbúnaðar. Þrátt fyrir það kom einnig fram að tækifæri geta falist í aukinni framleiðslu, fullvinnslu afurða, betri markaðssetningu og samvinnu við

frumkvöðla og ferðaþjónustu.

Staða sjávarútvegs í Hornafirði er stöðug en greinin er þó undir þrýstingi aukins kostnaðar, einkum veiði- og kolefnisgjalda. Helstu áskoranir sem nefndar voru eru innviðir hafnarinnar, dýpkun Óssins, aðgengi að vinnuafli og ímynd starfsgreinarinnar. Aðgengi að iðnmenntun í heimabyggð myndi efla greinina verulega og tækifæri eru í nýsköpun, samstarfi við ferðaþjónustu og ímyndarsköpun.

Á fundi um verslun og þjónustu mættu aðallega aðilar í verslunarrekstri. Rætt var um rekstrargrundvöll verslana á Höfn, áskoranir í flutningskostnaði og samkeppni við netverslun. Tækifæri felast í aukinni þjónustu við ferðafólk, viðhorfsbreytingu íbúa gagnvart verslun í heimabyggð og aukinni nýtingu nærsamfélagsins á þeirri verslun og þjónustu sem stendur til boða.

Aðilar í ferðaþjónustu lýstu stöðu greinarinnar sterkri en helstu áhyggjur beinast að breytingum á ákvarðanatöku og regluverki sem greinin býr við. Upplifunin er sú að fjarlægðir á milli rekstraraðila og stofnana séu að aukast og valda skilningsleysi á þörfum íbúasamfélagsins í sveitarfélaginu. Húsnæðisskortur og veik innviðaupbygging í dreifbýli, til að



Nejra Mesetovic
Byggða- og nýsköpunarfulltrúi

mynda í heilbrigðisþjónustu og verslun var rædd. Talað var um tækifæri sem felast í hæglatísferðamennsku, markaðssetningu og aukinni þátttöku heimamanna.

Ljóst er að óteljandi spennandi tækifæri eru til staðar hér í atvinnulífinu, ásamt áskorunum. Við þökkum öllum sem að tóku þátt á fundunum, þar sem þessar upplýsingar verða mikilvægt veganesti inn í komandi mánuði fyrir starfsmenn sveitarfélagsins og sveitarstjórn. Hægt er að hafa samband við byggða- og nýsköpunarfulltrúa á netfanginu byggd@hornafjordur.is

TÓNLIST Á SÉR EKKI FAST PÓSTNÚMER

Aðsend grein: Björg Blöndal

Ég var þess heiðurs aðnjótandi að fá tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir í marsmánuði. Tilnefningin var fyrir söng ársins í flokki djasstónlistar.

Þetta kom mér gríðarlega á óvart, því ég hélt að ég væri hreinlega ekki nógu áberandi í íslensku tónlistarsenunni, þar sem ég er búsett á Höfn í Hornafirði en ekki í borg óttans, þar sem flestir tónleikar og tónlistarviðburðir fara fram. Við Þorkell Ragnar ákváðum að skella okkur til Reykjavíkur og mæta á verðlaunaafhendinguna, sem haldin var í Silfurbergi í Hörpu 18. mars síðastliðinn. Þetta var frábært kvöld í alla staði, þar sem tónlistarfólk kom saman og fagnaði íslenskrari tónlist. Tilnefningin er ekki bara viðurkenning, heldur líka hvatning fyrir mig til að halda áfram með mín verkefni í tónlist og vinna að nýju efni. Við Þorkell erum búin að vera að vinna saman að nýrri músík og stefnan er tekin á stúdíó-upptökum í sumar.

Það er mikill heiður að hljóta tilnefningu og verður mér hugsað til þess að tónlist á sér ekki fast póstnúmer, heldur býr hún innra með okkur. Það skiptir ekki máli hvort þú býir í Reykjavík eða úti á landi, það er hægt að spila tónlist hvar sem er og hennar er alls staðar jafn mikil þörf.



Björg ásamt Þorkelli á Íslensku tónlistarverðlaununum. Mynd: Vignir Daði

Þetta sjáum við líka í stelpunum okkar í hljómsveitinni Spíral, sem nýlega komust áfram í undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi með laginu Creep eftir Radiohead og munu keppa fyrir hönd Þrykkjunnar á Söngkeppni Samfés í maí.

”

Við Þorkell tókum að okkur að halda uppi tónlistarklúbbi fyrir Þrykkjuna, sem þróaðist svo út í hljómsveitarþjálfun.

Við höfum hist vikulega með stelpunum, unnið að því að læra og æfa ný lög og erum vægast sagt mjög stolt af árangri þeirra.

Gaman er að segja frá því að flestir hljómsveitarmeðlimir Spíral's stunda eða hafa stundað tónlistarnám við Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Á síðasta skólaári hefur áhersla aukist á samspilsæfingar, þar sem nemendur koma saman og spila undir leiðsögn kennara og viljum við leggja meiri áherslu á slíkt samspil á komandi skólaári.

Samhliða því stefnir Tónskólinn á að efla hornfirsk ungmenni og hvetja til þátttöku í hinum ýmsu tónlistarviðburðum og keppnum; svo sem Músíktilraunum, Upptaktinum, Söngkeppni framhaldsskólanna og Samfés. Við trúum því að framtíðin sé björt hjá hornfirsku tónlistarfólki.



ER BÍLLINN erfiður í gang?

Komdu til okkar og við mælum rafgeyminn þér að kostnaðarlausu. Við eigum til gott úrval af rafgeymum

BJÓÐUM EINNIG UPP Á:

- Ljósaperur
- Rúðupurrkur
- Lyklarafhlöður

Er bíllinn þinn ÓHREINN eftir veturinn

Komdu með hann í dekur á bílapvottastöðinni okkar.

Vertu á undan traffíkinni og pantaðu tíma í **DEKKJASKIPTI**


Allt sem bíllinn þinn þarf á að halda!

BÓKAÐU Í DAG

Jökla Dekk



☎ 839-1616 ✉ solvi@jokladekk.is



SKÝR SÝN TIL FRAMTÍÐAR

Aðsend grein

Við viljum þakka öllum sem tóku þátt í málaefnafundunum með okkur frambjóðendum Framsóknar og stuðningsfólki en þeir voru fjórir talsins og tilgangur þeirra var að móta málefnskrafá framboðsins.



Samræðurnar hafa verið afar dýrmætar og við höfum fengið að heyra beint frá íbúum hvað skiptir þá mestu máli í daglegu lífi og til framtíðar. Sú nálægð við sjónarmið fólks í sveitarfélaginu er lykilatriði þegar byggja á upp trausta og raunhæfa stefnu. Við viljum því koma á

framfæri innilegu þakklæti til þeirra sem tóku þátt.

Það sem stendur upp úr er að íbúar kalla ekki aðeins eftir ákveðnum framkvæmdum, heldur leggja ríka áherslu á vönduð vinnubrögð, opið samtal og að ákvarðanir séu teknar

með heildarhagsmunum samfélagsins að leiðarljósi. Þetta eru skýr skilaboð sem við tökum með okkur inn í áframhaldandi vinnu.

Í kjölfar fundanna blasir við að endurskoða þarf verklag í skipulagsmálum, fara yfir gjöld og álögur með það að markmiði að létta undir með heimilum og vinna markvisst að uppbyggingu innviða. Sú uppbygging þarf að vera bæði ábyrg og skynsöm.

Nú er komið að næsta skrefi. Þann 10. apríl opnum við kosningaskrifstofu að Vesturbraut 2 þar sem við munum kynna málefnskrafá okkar fyrir komandi kjörtímabil og halda áfram samtalinu við íbúa.

Við getum þó með mikilli ánægju greint frá einni ákvörðun sem við höfum þegar tekið. Hjalti Þór Vignisson er bæjarstjóraefni okkar. Við þurfum skýra og sterka forystu fyrir verkefni framundan.

Allar greinar og efni frá frambjóðendum má finna á samfélagsmiðlunum okkar og heimasíðu félagsins www.leidarhofdi.is

Frambjóðendum Framsóknar og stuðningsmanna í Sveitarfélaginu Hornafirði

FAS ER FRAMTÍÐIN

Aðsend grein

Sveitarfélagið okkar er einstakt á svo marga vegu. Hér hefur samfélagið mótast af tengslum við náttúruna og sjóinn en ekki síst af fjarlægðum sem setja okkur sérstakar skorður, en skapa líka tækifæri.

Við þurfum að vera sjálfum okkur nóg á margan hátt og við þurfum að tryggja góða grunnþjónustu í sveitarfélaginu því það er langt fyrir okkur að sækja þjónustu annað.



Ein af lykilforsendum þess að samfélagið okkar dafni er að ungt fólk vilji byggja hér framtíð. Það er mikilvægt að unga fólk okkar hafi kost á að halda áfram námi í heimabyggð að loknum grunnskóla. Þetta snýst um jöfn tækifæri til náms en líka um byggðasjónarmið. Þegar ungt fólk getur menntað sig heima fyrir aukast líkurnar á að það sjái fyrir sér framtíð hér, setjist að og styrki samfélagið til lengri tíma.

Jafnvel þegar nemendur fara í frekara nám síðar, til dæmis í háskóla, eru meiri líkur á að þeir snúi aftur ef tengingin við heimabyggðina er sterk. Framhaldsskólinn er þar lykilhlekur.

SKÓLINN SEM HJARTA SAMFÉLAGSINS

FAS er ekki aðeins menntastofnun, hann er einn af hornsteinum samfélagsins. Starfsemi hans hefur áhrif langt út fyrir kennslustofurnar; á íþróttalíf, menningarlíf, atvinnulíf og félagslíf almennt. Hann styrkir fjölbreytni og lífsgæði og gerir samfélagið okkar aðlaðandi fyrir íbúa á öllum aldri.



Einnig gegnir skólinn mikilvægu hlutverki í íslenskukennslu og menningarnámi fyrir fólk með annað móðurmál, sem er lykilatriði í að byggja upp sterkt og samheldið samfélag. Mikilvægur þáttur í náminu er talþjálfun og þar geta félagsheimilin okkar nýst vel sem samkomustaður fyrir nemendur í dreifbýlinu þar sem fólk hittist fyrir tilstilli FAS og æfir sig að tala íslensku og verða um leið virkari þátttakendur í samfélaginu.

Til þess að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu geti blómstrað þurfum við að horfa fram á við og efla hann markvisst. Við þurfum að bjóða upp á öflugt bók- og verknám sem tengist atvinnulífi svæðisins. Skólinn hefur nú þegar hafið samstarf við Verkmenntaskóla Austurlands varðandi námsframboð, sem lofar mjög góðu, auk þess að vera í samstarfi við skóla á austurlandi í tengslum við félagslíf nemenda sem er að sjálfsögðu stór partur af framhaldsskólalífinu. Þetta þarf að styrkja enn frekar.

Smæð skólans er bæði áskorun og tækifæri. Hún gerir hann sveigjanlegan og nátengdan samfélaginu, en kallar jafnframt á aukið samstarf við aðra skóla og atvinnulíf. Það samstarf þarf að efla, án þess þó að fórnar sjálfstæði skólans.

Við vitum að nemendur frá FAS koma vel undirbúnir til frekara náms og starfa. Það er skýr vitnisburður um öflugt starf kennara og starfsfólks.

HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Markmiðið ætti að vera skýrt, að stærstur hluti ungs fólks á framhaldsskólaaldri í Sveitarfélaginu Hornafirði sjái hag sinn í að stunda nám

í FAS. Jafnframt eigum við að laða hingað nemendur úr nágrennasveitarfélögum.

Til þess þarf að byggja upp aðlaðandi námsframboð en sterkir innviðir skipta einnig höfuðmáli. Heimavist eða nemendaíbúðir sem hægt er að nýta til skemmri eða lengri tíma, geta skipt sköpum fyrir aðgengi og jafnræði í menntun fyrir nemendur sem ekki búa á Höfn. Að þessu þurfum við sem ætlum að vera fulltrúar íbúanna í bæjarstjórn til næstu fjögurra ára að vinna að ásamt fulltrúum FAS. Tækifærin eru fjölmörg.

Þótt rekstur framhaldsskóla sé ekki lögbundið verkefni sveitarfélagsins er augljóst að stuðningur við hann er fjárfesting í framtíðinni. Stuðningur okkar fulltrúa í bæjarstjórn getur fallist í virku samtali við starfsmenn og nemendur, þátttöku í umræðu um þróun skólans, virkri hagsmunagæslu gagnvart ríkinu, samvinnu í húsnæðismálum og fleiru.

Það er ljóst að án skólans myndi aðgengi að framhaldsmenntun skerðast verulega, með alvarlegum afleiðingum fyrir búsetu, atvinnulíf og samfélagið allt.

Kröftugur stuðningur við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu er ekki valkostur, hann er nauðsyn. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra.

Við erum ekki aðeins að fjárfesta í skóla. Við erum að fjárfesta í fólkinu okkar, framtíðinni og samfélaginu sem við viljum búa í.

Fyrir hönd frambjóðenda Framsóknar og stuðningsmanna í Sveitarfélaginu Hornafirði

Ingibjörg Sveinsdóttir, 2.sæti

Aðalfundur iðnaðarmannadeildar

Aðalfundur iðnaðarmannadeildar AFLs verður haldinn í húsnæði félagsins að **Búðareyri 1 Reyðarfirði, mánudaginn 13. apríl, klukkan 17:00.**

Stjórn iðnaðarmannadeildar AFLs

Dagskrá:

1. Kjaramál
2. Skýrsla formanns deildar
3. Kjör stjórnar deildarinnar
4. Kjör í stjórn IMA
5. Önnur mál



Aðalfundur deildar verslunar- og skrifstofufólks AFLs

Aðalfundur deildar verslunar- og skrifstofufólks AFLs Starfsgreinafélags verður haldinn í húsnæði félagsins að **Víkurbraut 4, Hornafirði, þriðjudaginn 14. apríl, klukkan 16:30**

Stjórn deildar verslunar- og skrifstofufólks AFLs

Dagskrá:

1. Kjaramál
2. Skýrsla formanns deildar
3. Kjör stjórnar deildarinnar
4. Önnur mál



ÞETTA TÆKIFÆRI KOM Á HÁRRÉTTUM TÍMA

Aðsend grein: Albert Eymundsson

Sunnudaginn 15. mars sl. var séra Kristján Ágúst Kjartansson vígður prestur í Dómkirkjunni og var settur í starf prests við Bjarnanesprestakall í Hafnarkirkju. Það er áhugavert að kynnst honum aðeins í þessu viðtali.



Í Dómkirkjunni. Vígsluvottar og biskup. nv. Magnea Sverrisdóttir djákni, Kristján Ágúst Kjartansson prestur, Guðrún Karls. Helgudóttir biskup, Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur, Gunnar Stígur Reynisson sóknarprestur, Óskar Hafsteinn Óskarsson prófastur. Mynd Silla Páls.

DVALIÐ MEST Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU

Ég er uppalinn í Garðabæ og gekk þar í grunnskóla, fyrst Flataskóla og svo Garðaskóla.

Eftir það fór ég í Verzlunarskóla Íslands og lauk stúdentsprófi þaðan. Ég flutti að heiman um tvítugt í miðbæ Reykjavíkur og hef búið þar síðan. Ég byrjaði sem unglingur að vinna í fjölskyldufyrirtækinu sem rekur gleraugnaverlanir og lærði þar að smíða gleraugu en má segja að ég hafi gegnt flest öllum störfum innan fyrirtækisins á einhverjum tímamarki. Ég starfaði einnig hjá sólgleraugna- og sportvörfufyrirtækinu Oakley sem fulltrúi

þess á Íslandi í sjö ár til ársins 2007. Ég á 24 ára son Ísar Ágúst, hann á kærustu, Dísu Tímila Guðmundsdóttur og hafa þau bæði lokið B.A. í arkitektúr frá LHÍ. Þau starfa bæði á arkitektastofum í Reykjavík en huga svo að framhaldsnámi á því sviði á næstunni. Þegar ég er ekki að vinna eða spá í guðfræði þá hef ég gaman af ýmskonar stússi. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á ýmiss konar græjum og tölvum. Ég hef einnig mjög gaman af ljósmyndun og þá fyrst og fremst filmuljósmyndun og hef aðeins verið að safna gömlum filmu myndavélum í leiðinni. Ég framkalla filmurnar sjálfur heima og stækka myndir á pappír upp á gamla mätann. Ég hef einnig gaman af ýmiss konar handverki og undanfarið verið svolítið að smíða ýmiss konar plastmódel.



Sonurinn og kærastan



Á fermingardaginn. Kristján og Pétur Sigurgeirsson biskup.

SUNNUDAGA-SKÓLI SONAR MÍNS KVEIKTI ÁHUGANN Á TRÚMÁLUM

Áhugi á guðfræði og starfi kirkjunnar má segja að hafi kviknað um það leyti sem ég fór að fara með son minn í sunnudagaskóla. Á þeim tíma var ég að íhuga nám á félags- eða hugvísindasviði en sá í guðfræði áhugavert hlutverk á því sviði. Magnea Sverrisdóttir sem þá var starfandi djákni og æskulýðsfulltrúi í Hallgrímskirkju tók áhuga mínum opnum örmum og hvatti mig til þess að kynna mér guðfræðinámið. Hún fékk mig til aðstoðar í æskulýðsstarfinu svo ég gæti kynnst starfinu af eigin reynslu og áður en ég vissi af var ég komin þar í ýmiss konar störf, bæði í barna- og æskulýðsstarfi og einnig kirkjuvörslu meðfram náminu í Guðfræðideild HÍ. Hún fékk mig einnig til að gefa kost á mér í stjórn Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar og þaðan hélt þetta áfram að vinda upp á sig. Það leiddi til þess að ég hef einnig starfað við fermingarfræðslu í Neskirkju, Laugarneskirkju, Langholtskirkju og tók við umsjón fermingarnámsskeiða í Skálholti og hafði umsjón með Landsmótum Æskulýðsfélaga á vegum ÆSKP. Ég var svo framkvæmdastjóri og æskulýðsfulltrúi Æskulýðssambands Reykjavíkurprófastsdæma 2015-2022 þar sem ég hafði umsjón með fræðslu fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi og viðburðum og mótum fyrir börn og unglinga.

HORNAFJÖRÐUR FREISTAÐI MÍN

Á meðan ég var í smá hléi frá störfum í kirkjunni núna síðustu ár þá var mikið af góðu fólki sem ég hélt sambandi við og þau minntu mig gjarnan á að gleyma ekki kirkjunni og hvöttu mig til að skoða það að koma aftur til starfa.

”

Áhugi minn á guðfræði var alltaf til staðar og ég fann að ég vildi viðhalda áhuganum en ekki síður fann ég enn fyrir þeirri köllun sem hafði fylgt mér í gegnum árin að starfa í þágu kirkjunnar.

Ég hafði þó aldrei íhugað að starfa utan höfuðborgarsvæðisins af praktískum ástæðum fyrr en nú. Þetta tækifæri að starfa hér í hálfu starfi á móti því sem ég er að sinna í Reykjavík kom á hárréttum tíma fyrir mig. Þó svo vegalengdin á milli staða flæki aðeins málið þá fylgja því líka ákveðnir kostir. Það krefst þess að halda skörpum fókusi á verkefni og skipuleggja sig vel. Svo er það mikil kostur að hér eru reglulegar flugsamgöngur. Það sem vegur mest að ég ákvað að taka þetta skref var að mér fannst þetta prestakall áhugavert fyrir þær sakir að hér eru fimm sóknir með margbreytilegar kirkjur og því starfið fjölbreytt og heldur manni á hreyfingu. Síðast en ekki síst hafði það mikil áhrif að ég þekki séra Stíg síðan í náminu í Guðfræðideild þar sem við vorum saman í öflugum félagslífi og vissi ég því að okkur myndi koma vel saman.

STARFIÐ LEGGST VEL Í MIG OG GÓÐAR MÓTTÖKUR

Starfið leggst vel í mig ekki síst fyrir það hvað ég hef fengið afskaplega góðar móttökur frá öllum hér í prestakallinu allt frá fyrstu kynnum þegar ég hitti val- og sóknarnefndarfólk á Smyrlabjörgum í upphafi þessa ferlis. Það hefur svo haldið

áfram og öll þau sem ég hef hitt á mínum fyrstu dögum hér hafa tekið svo vel á móti mér, það er afskaplega hvetjandi og góð byrjun í nýju starfi. Til að byrja með ætla ég að leggja áherslu á að kynnst fólki og svæðinu læra svolítið á staðhætti og venjur.

”

Ég hlakka til að sinna nýjum verkefnum sem hafa ekki verið hluti af mínu starfi áður. Þetta er stórt prestakall með marga söfnuði og enn fleiri kirkjur.

Allir þessir staðir hafa langa og merka sögu og hlakka ég til að ferðast um svæðið og hitta fólkið og læra um þessa staði sem haldið er uppi af miklum metnaði. Svo vonast ég einnig til að geta nýtt mína fyrri reynslu og köllun á sviði æskulýðsmála til eflingar á því sviði.

Eina vandamálið með viðveru mína hér á Höfn er húsnæði. Ég væri þakklátur ef fólk sem veit um eitthvað heppilegt húsnæði léti mig vita í tölvupósti kristjank@kirkjan.is eða síma 899-0543.



Fjölskyldumynd á fermingardaginn. Kjartan B. Kristjánsson, Hulda Guðný Kjartansdóttir, Kristján Ágúst Kjartansson, Hulda Fanný Hafsteinsdóttir, Kjartan Valur Kjartansson.

STERKUR HÓPUR OG SKÝR FRAMTÍÐARSÝN

Aðsend grein

Það er kraftur í samfélaginu okkar og sá kraftur sást skýrt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins nýverið. Þátttakan var góð, áhuginn mikill og umræðan lifandi. Það sýnir að íbúar vilja hafa áhrif og taka þátt í mótun framtíðar sveitarfélagsins.

Prófkjör hafa víða lagst af, en hér var áhuginn slíkur að ákveðið var að fara þá leið í fyrsta sinn síðan 2006. Niðurstaðan er sterkur og fjölbreyttur listi sem sameinar reynslu, nýja sýn og fólk úr ólíkum áttum sem vill leggja sitt af mörkum.

LISTI SEM SAMEINAR REYNSLU OG NÝJA SÝN

Á listanum eru einstaklingar með reynslu úr sveitarstjórnarmálum og aðrir sem koma inn með ferska hugsun og nýja nálgun. Þessi blanda skiptir máli. Reynslan gefur yfirsýn og skilning. Ný sýn skapar hreyfingu og nýjar lausnir. Saman myndar þetta sterkan grunn fyrir góðar ákvarðanir. Við erum ólík – en sameinuð í því að vilja gera samfélagið okkar betra.

EKKI BARA ORÐ - HELDUR VERK

Á kjörtímabilinu höfum við sýnt í verki að við getum fært umræðuna frá loforðum yfir í framkvæmd. Við horfum heiðarlega á það sem hefur gengið vel og það sem má betur fara. Það er ekki veikleiki, heldur styrkur.

Við höfum séð að markviss vinna og góð samvinna skila árangri. Sem dæmi má nefna að tryggður hefur verið langþráður fyrirsjáanleiki í dýpkun á Grynslunum – sem er lykilforsenda fyrir öflugum atvinnulífi á svæðinu. Einnig hefur tekist að halda áfram uppbyggingu mikilvægra innviða og þjónustu sem styrkir bæði daglegt líf íbúa og framtíð sveitarfélagsins.



Hugmynd er aðeins hugmynd ef henni er ekki fylgt eftir. Áætlanir skipta litlu máli ef þær verða ekki að veruleika.

SJÁLFSTÆÐI, ÁBYRGÐ OG RAUNVERULEG TÆKIFÆRI

Grunngildi Sjálfstæðisflokksins eru skýr: frelsi, ábyrgð og tækifæri. Þetta eru stór orð – en líka daglegt líf fólks. Frelsi felst í því að fólk og fyrirtæki hafi svigrúm til að skapa. Ábyrgð felst í því að við tökum ákvarðanir með framtíðina í huga. Tækifæri felast í því að fólk geti byggt sér líf – hér heima.

Við viljum byggja á þessum gildum í okkar vinnu með því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, hlusta betur á þarfir íbúa og byggja upp þjónustu sem styður við virkt og öflugt samfélag.

ATVINNULÍF OG LÍFSGÆÐI HALDAST Í HENDUR

Öflugt atvinnulíf er forsenda sterks samfélags. Þar verða til tekjur sem gera okkur kleift að byggja upp innviði og veita góða þjónustu. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í atvinnulífi á Hornafirði undanfarin ár og þessi fjárfesting styrkir samfélagið í heild.

Við viljum samfélag þar sem fólk hefur tækifæri til að vinna og skapa, öryggi til að byggja upp líf sitt og rými til að njóta. Við viljum ekki bara vöxt – heldur góð lífsgæði.

HLUSTUM ÁÐUR EN VIÐ ÁKVEÐUM

Stefnumótun okkar fyrir komandi kosningar er í fullum gangi. Á næstu vikum munum við eiga virkt samtal við íbúa, fyrirtæki og starfsfólk sveitarfélagsins um það sem skiptir máli í daglegu lífi fólks. Við ætlum að byggja okkar stefnuskrá á raunverulegum þörfum fólks. Þess vegna skiptir þátttaka íbúa máli. Því betri sem innsýnin er, því betri verða ákvarðanirnar.

ÁBYRGÐ GAGNVART FRAMTÍÐINNI

Ákvarðanir dagsins í dag móta framtíðina. Við viljum samfélag þar sem börn eru örugg, unglíngum líður vel og ungt fólk sér framtíð hér á svæðinu. En við gleymum ekki þeim sem hafa byggt samfélagið upp. Við viljum líka samfélag þar sem eldra fólk nýtur öryggis, virðingar og góðrar þjónustu. Samfélag þar sem fólk getur eignast húsnæði, fengið vinnu og byggt upp eigið líf. Það gerist ekki af sjálfu sér – heldur með skýrum ákvörðunum og eftirfylgni.

VILJI TIL VERKA

Við sem skipum listann komum úr ólíkum áttum, en stöndum saman um eitt: Við ætlum áfram að láta verkin tala. Við hlustum, vinnum og framkvæmum. Og leggjum okkar af mörkum til að skapa samfélag þar sem fólk hefur raunveruleg tækifæri til að vaxa, vera og njóta.

Gauti Árnason og Hjördís Edda Olgeirsdóttir

MARGT UM MANNINN Í SPORTHÖLLINNI

Það er nóg um að vera í húsnæði Sporthallarinnar að Álaugarvegi 7, þar sem Kolbrún Björnsdóttir rekur samnefnda líkamsræktarstöð. Fyrr á árinu voru gerðar smávægilegar breytingar á húsnæðinu og þar opnaði ný hárgreiðslustofa sem ber nafnið Sporthár. Það eru þau Sigurður Guðni Hallsson og Birta Karlsdóttir sem standa vaktina og hafa í nógu að snúast við að klippa, raka og lita hár. Sigurður og Birta hafa bæði búið í Hornafirði frá barnæsku en fóru í bæinn til að læra hárgreiðslu og hafa nú snúið aftur til að starfa við fagið hér heima.

Margt er því um manninn í Sporthöllinni alla daga. Auk Sporthallarinnar og Sporthárs eru þar einnig starfandi Sveinbjörg Jónsdóttir nuddmeistari, Signý Ingvadóttir sem rekur Fótaaðgerðastofu Hornafjarðar og Sæunn Borgþórsdóttir sem rekur Náttúrulega fegurð og býður upp á snyrti og húðfegrunarmeðferðir.

- GÁS



Birta og Siggi við störf, Kolla situr í stólnum.

(((HEYRN)))
Heyrnarþjónusta síðan 2007

534-9600
heyrn.is

KASK
Flutningar

Daglegar ferðir milli
Hafnar og Reykjavíkur
Sími: 470 8220

takk fyrir

Síðasti mánuður hefur verið yndislegur og við erum afar þakklát fyrir þær góðu móttökur sem við höfum fengið á Höfn.

Það hefur verið dýrmætt að kynnast ykkur og taka fyrstu skrefin með ykkur.

Kærar þakkir fyrir hlý orð og stuðning. Nú tökum við næsta skref og bjóðum upp á pantanir á sætabrauði, brauði og kökum.

Frá og með apríl verður bakaríið opið mánudaga til laugardaga frá kl. 7 til 17

Verið hjartanlega velkomin, við hlökkum til að sjá ykkur aftur Starfsfólk Ljósdis Bakarí

FÓTAAÐGERÐARSTÓLL Í SKJÓLGARÐ

Aðsend grein

Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs afhenti hjúkrunarheimilinu Skjólgarði glænýjan fótaaðgerðarstól.

Fótaaðgerðarfræðingurinn Signý Ingva-dóttir kemur reglulega á hjúkrunarheimilið og sinnir íbúum heimilisins. Aðstaðan hefur fram til þessa verið mjög léleg bæði fyrir íbúa og fyrir fótaaðgerðarfræðinginn. Stjórn gjafasjóðsins hafði lýst yfir áhuga á að gefa heimilinu nýjan stól þegar nýbyggingin yrði tilbúin. Þar sem það hefur dregist var tekin ákvörðun um að kaupa nýjan stól strax og byrja að nota hann. Stóllinn er hinn glæsilegasti og hefur nú þegar verið notaður. Líkt og sjá má á myndinni er mikil ánægja með stólinn. Við viljum þakka Gjafa- og minningarsjóði Skjólgarðs kærlega fyrir gjöfina.



Matthildur Ásmundardóttir
Verkefnastjóri Vigdísarholts



Signý ásamt íbúum Skjólbarðs í stólnum góða

Aðalfundur AFLs Starfsgreinafélags

Boðað er til aðalfundar AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 18. apríl 2026 klukkan 15:00 á Hótel Framtíð Djúpavogi.

Ferðir verða skipulagðar af skrifstofum félagsins, hafið samband við næstu skrifstofu. Boðið verður upp á kvöldverð að fundi loknum.

Ársreikningar félagsins, tillögur að reglugerðarbreytingum liggja frammi á skrifstofum félagsins viku fyrir aðalfund.

Skv. gr. 21 í lögum AFLs þarf að tilkynna framboð til stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfund. Senda má framboð á netfangið asa@asa.is. Ath. Framboð þarf að vera með 20 meðmælendur fullgildra félagsmanna.

AFL Starfsgreinafélag

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Reikningar félagsins kynntir bornir upp til samþykktar
3. Lagabreytingar
4. Kjör stjórnar, varastjórnar og trúnaðarráðs
5. Kjör til annarra stjórna og ráða félagsins sbr. lög þess
6. Ákvörðun félagsgjalds
7. Önnur mál
 - a. Laun stjórnar
 - b. Kosning fulltrúaráðs Stapa
 - c. Framlag í menntasjóð IMA



ÖFLUG HAGSMUNAGÆSLA SKILAR ÁRANGRI

Aðsend grein Eyrún Fríða Árnadóttir

Eitt af fjölmörgum verkefnum sveitarstjórnafólks er að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera málsvari þeirra gagnvart ríkinu og öðrum hagsmunaaðilum.

Á þessu kjörtímabili höfum við lagt mikla áherslu á það að koma sjónarmiðum sveitarfélagsins á framfæri og gæta hagsmuna okkar.



HEILSÁRS BRÁÐAVIDBRAGÐ Í ÖRÆFUM

Bráðaviðbragð í Öræfum var löngu orðið brýnt hagsmunamál, en á þessu kjörtímabili var það útfært á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í fyrsta sinn yfir sumartímann. Með markvissum samtölum við þingmenn kjördæmisins, heilbrigðisráðherra og Heilbrigðisstofnunina hefur nú tekist að tryggja heilsárs bráðaviðbragð. Jafnframt hafa þessi samtöl opnað á raunhæfa möguleika á reglulegri heilbrigðisþjónustu í Öræfum, sem íbúar hafa kallað eftir um langt skeið. Þessi árangur skiptir sköpum, bæði fyrir íbúa og viðbragðsaðila, þar sem fyrirsjáanleiki og aðgengi að þjónustu geta ráðið úrslitum þegar mest á reynir.

HRINGTORG

Baráttan fyrir hringtorgi við nýja Fljótavegin er gott dæmi um hvernig markviss hagsmunagæsla skilar raunverulegum árangri. Frá upphafi var ljóst að umferðarpungur og öryggisáskoranir á svæðinu kölluðu á aðrar lausnir en þær sem upphaflega voru lagðar til. Með þrautseigju og skýrum rökum um umferðaröryggi náðist að breyta forsendum verkefnisins. Niðurstaðan er komin, hringtorg sem eykur öryggi og þjónar samfélaginu okkar til framtíðar.

FYRIRSJÁANLEIKI Á GRYNNLUNUM

Að tryggja fyrirsjáanleika í dýpkun á Grynnslunum hefur verið eitt stærsta hagsmunamál sveitarfélagsins. Í gegnum allt kjörtímabilið höfum við markviss haldið málinu á lofti í samtölum við þingmenn og stjórnvöld, enda snertir það beint öryggi, rekstur hafnarinnar og afkomu atvinnulífsins. Nú hefur í fyrsta sinn náðst fram þriggja ára fyrirsjáanleiki í samgönguáætlun sem liggur fyrir Alþingi, eftir áralanga baráttu hafnarstjórnar og bæjarstjórnar. Sá árangur er ekki sjálfgefinn heldur afrakstur samstillts átaks og skýrra skilaboða um mikilvægi málsins fyrir samfélagið allt.

og ábyrgu samtali við ríkið tókst hins vegar að ná fram þeirri niðurstöðu að sveitarfélagið var leyst undan framtíðar fjárhagslegri ábyrgð á framkvæmdinni. Þar með losnar sveitarfélagið undan mikilli fjárhagslegri skuldbindingu, ekki undir hálfum milljarði. Það er líka ánægjulegt að sjá verktaka af svæðinu vinna þessa dagana á fullu í nýja hjúkrunarheimilinu sem verður tekið í notkun í sumar.

HAGSMUNAGÆSLA SKIPTIR MÁLI

Hagsmunagæsla er eitt mikilvægasta hlutverk sveitarstjórnarfólks og það getur skipt sköpum að rödd sveitarfélagsins heyrir skýrt. Margir af stærstu málaflökkum sem snerta innviði, þjónustu og daglegt líf íbúa eru á ábyrgð ríkisins og því þarf bæjarstjórn að vinna markviss, af festu og ábyrgð, að því að gæta hagsmuna samfélagsins. Á þessu kjörtímabili höfum við byggt upp sterk og traust tengsl við ráðuneyti og stofnanir og sá árangur sem náðst hefur sýnir að sú vinna skilar sér.

Við bjóðum okkur fram til áframhaldandi verka og öflugrar hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið. Setjum X við Kex 16. maí 2026.



Hluti af frambjóðendum, nefndarfólki og stuðningsmönnum Kex



Páskafjör í Fjarðabyggð

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Um páskana verður líf og fjör víða um sveitarfélagið, með viðburðum fyrir börn og fullorðna, útivist, menningu, tónlist og páskastemningu. Við hvetjum íbúa og gesti til að kynna sér dagskrána vel og njóta páskanna í Fjarðabyggð.

Skannaðu QR kóðann og kynntu þér dagskránna.

